MENNTAMÁLASTOFNUN

Þjóðarsáttmáli um læsi

Samstarfsverkefni

Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi

Menntamálastofnun í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðing

Handbók Krikaskóla

Efnisyfirlit

Inngangur ... 3
Saga skólans ... 3
Aðalnámskrá leikskóla – mál og lestur ... 4
Fræðileg umfjöllun – snemmtæk íhlutun ... 5
Flokkun á málörvunarefni. ... 8
Leikur og nám ... 11
Málörvunarstundir ... 12
Málörvun/íslenskustundir ... 13
Kría og Lundi 2-3ja ára börn ... 14
Fjallafinka 3ja-4ra ára börn ... 15
Ugla ... 16
Spói ... 17
Hugmyndabankar ... 17
Hlutverk sérkennslustjóra varðandi snemmtæka íhlutun –stuðningur ... 17
Athuganir/skimanir/prófanir í leikskóla og íhlutun ... 18
Verkferlar –gátlistar –ferilmöppur ... 20
Íslenska – Árgangar ... 20
Kría/Lundi 2-3ja ára börn ... 20
Fjallafinka 3-4 ára börn ... 24
Ugla. 4-5 ára börn. ... 28
Íslenska 5-6 ára ... 43
Skráning – mat á árangri ... 50
Mismunandi aðferðir: Tákn með tali, TEEACH, atferlismótun, PECS ... 50
Tvítyngi/fjöltyngi ... 51
Móttökuáætlun Krikaskóla ... 52
Samstarf leik- og grunnskóla ... 53
Viðaukar ... 54

Inngangur

Fræðslusvið Mosfellsbæjar og leikskólar í Mosfellsbæ fóru í samstarf við Menntamálastofnun og Ásthildi B. Snorradóttur talmeinafræðing um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi í leikskólum bæjarins.

Upphaf þessa var að Menntamálastofnun auglýsti eftir sveitarfélagi til þátttöku í verkefninu og reyndist mikill áhugi hjá sveitarfélögum landsins. Mosfellsbær varð þess heiðurs aðnjótandi að vera valinn til samstarfsins. Verkefnið stóð yfir í eitt og hálft ár, frá október 2018 til maí 2020. Það er hluti af *Þjóðarsáttmála um læsi* sem sett var af stað af hálfu Menntamálaráðuneytis haustið 2015.

Markmið verkefnisins er:

Að öll börn í leikskólum Mosfellsbæjar nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og að þau komi vel undirbúin inn í fyrsta bekk grunnskóla hvað málþroska snertir.

Að leikskólabörn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggi á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum, þannig að komið verði í veg fyrir afturvirkt rof.

Að leikskólar taki leiðandi hlutverk í valdeflingu starfsfólks til að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar í daglegu starfi til að efla málfærni og læsi.

Að unnið verði eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra barna hvað varðar málfærni og læsi.

Afurð verkefnisins er handbók í hverjum leikskóla sem styður við markmið verkefnisins og rammar inn skipulag hvers skóla í samræmi við hugmyndafræði, skólanámskrá og sérstöðu skólans. Handbókin inniheldur verklag hvers skóla við málörvun, flokkun á málörvunarefni, samstarf við heilsugæsluna og yfirlit yfir skimanir og eyðublöð.

Við gerð handbókanna var lögð áhersla á að gera verkferla skýra, stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni með skipulagðri flokkun og skoða uppbyggingu málörvunarstunda. Þá var lögð áhersla á að skerpa á því leiðandi hlutverki sem leikskólar hafa þegar kemur að snemmtækri íhlutun barna með málþroskaraskanir.

Á tímabilinu sem verkefnið stóð yfir fékk starfsfólk leikskólanna og foreldrar margvíslega fræðslu um eflingu málþroska og málfærni leikskólabarna og mikilvægi snemmtækrar íhlutunar. Jafnframt fengu leikskólarnir ráðgjöf við uppbyggingu á handbókinni og flokkun á kennsluefni.

Starfsfólk í leikskólum Mosfellsbæjar hefur lagt mikla vinnu við gerð handbókanna og óhætt er að segja metnaður, seigla og umhyggja fyrir börnum hefur einkennt vinnuna. Fræðslusvið Mosfellsbæjar þakkar öllum sem lögðu á sig aukna vinnu við gerð handbókanna og stuðluðu þar með að betri menntun og þroska mosfellskra barna. Árla skal að auðnu hyggja.

Saga skólans

Mosfellsbær stóð fyrir samkeppni 2007 þar sem gert var ráð fyrir þeirri nýbreytni að hanna og byggja skóla þannig að leikskóli og yngsta stig grunnskóla yrðu samþætt. Tillaga Bræðingshópsins um Krikaskóla var valin, skólastarf hófst í tímabundnu húsnæði við Gerplustræti í júní 2008 og fyrsta skóflustungan var tekin þá um haustið í Sunnukrika 1. Í mars 2010 flutti starfsemi Krikaskóla yfir Varmána í nýtt og varanlegt húsnæði. Skólabygging og skólalóð voru hannaðar í takt við hugmyndafræðina sem sótt var í smiðju hugsmíðahyggju og aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Gert var ráð fyrir samfellu í námi barnanna á aldrinum frá 2ja-10 ára, með áherslu á að tengja nýja þekkingu við fyrri reynslu og þekkingu hvers barns.

Samfellan milli skólastiga sem varð til við stofnun Krikaskóla kallaði á breytingar á ýmsum sviðum. Eitt var að samræma hugtakanotkun þar sem það átti við, fyrir bæði skólastigin. Ákveðið var að nota sama orð fyrir málörvunarstundir í leikskóla og íslenskustundir í grunnskóla. Málörvun fer sannarlega fram í íslenskustundum og íslenska er aðalverkefnið í málörvunarstundum. Kosið var að nota orðið íslenska fyrir hvort tveggja. Á sama hátt var valið að finna sameiginlegt heiti fyrir kennslustofur í grunnskólum og deildar á leikskólum fyrir heimasvæði árganga. Ákveðið var að kalla svæðin hreiður og að hvert hreiður bæri fuglaheiti.

Með þátttöku skólans í byrjendalæsi, leikskólalæsi, gerð lestrarstefnu, þátttöku Mosfellsbæjar í þjóðarátaki um læsi og nú í snemmtækri íhlutun hefur verið stutt við íslensku í skólastarfinu. Það hefði þó dugað skammt hefði fagmennska kennara skólans ekki verið til staðar, bæði leik- og grunnskólakennara ásamt öðru dugmiklu starfsfólki.

Sérstaða skólans byggir á:

Samfellu í leik og námi barna

Samkennslu árganga

Heildstæðum viðfangsefnum

Virkni einstaklinga

Merkingarbæru námi

Tengslum við nærsamfélagið

Lýðræðislegum vinnubrögðum

Útiveru/útinámi í tengslum við samfélagið, náttúruna og önnur námssvið leik- og grunnskóla heilsdags- og heilsársskóla.

Í þessari handbók er leitast við að endurspegla þá fagmennsku sem litar íslenskunám leikskólabarna í Krikaskóla í máli og myndum. Kafli er frá hverjum árgangi um fyrirkomulagið á hverju hreiðri hvað varðar skipulag, útfærslu, hlutverk kennara og námsefni.

Aðalnámskrá leikskóla – mál og lestur

Í aðalnámskrá leikskóla er áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Sett eru fram leiðarljós leikskólastarfs og fjallað um námssvið leikskóla. Áhersluþættir námssviðanna endurspegla grunnþætti menntunar og þar má finna hæfniþætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér. Grunnþættirnir eru leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í leikskólastarfið.

Í samræmi við áherslur aðalnámskrá leikskóla er vægi leiksins mikið og leikur ætti því að vera þungamiðja og meginnámsleið leikskólastarfsins. Leikurinn er námsaðferð sem kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins og samskipti. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau snertingu, hljóð látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.
- Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Þróa læsi í víðum skilningi.
- Öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu.
- Deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Fræðileg umfjöllun – snemmtæk íhlutun

Öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi. Mikilvægt er unnið sé að því markmiði með því að stuðla að auknu samstarfi fagstétta og allra þeirra sem vinna með ung börn. Áhersla á snemmtæka íhlutun og að brugðist sé við, um leið og rökstuddur grunur er um málþroskafrávik hjá ungum börnum. Með því að veita markvissa málörvun í gengum leik og daglegar aðstæður sem fyrst, er leitast við að draga úr erfiðleikum sem barn kann að lenda í síðar meir. Aðlaga þarf málörvunina að þörfum hvers barns með því að skilgreina hvaða málþætti skal styrkja. Einstaklingsáætlanir, skráningar og mat á árangri þarf að efla. Mikilvægur þáttur í samstarfi fagstétta í málörvun er að skilgreina mismunandi hlutverk þeirra innan leikskólans. Það skiptir jafnframt sköpum að efla samstarf við foreldra með því að fræða þá og upplýsa um málþroskafrávik og gera þeim grein fyrir stöðu barnanna sinna hvað varðar mál, tal og boðskipti og vísa þeim til talmeinafræðinga, sálfræðinga og annarra sérfræðinga eftir eðli frávika. Með því að upplýsa foreldra gera þeir sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka virkan þátt í aðferðum snemmtækrar íhlutunar, að undirbúa barn sitt til þess að takast á við allt nám. Þannig er unnið enn frekar að íhlutun sem mætir þörfum allra barna hvað varðar málörvun og kennslu við hæfi.

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið. Sérfræðingar gerðu sér grein fyrir að hægt er að hafa áhrif á þroskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með ígrunduðum aðferðum (Weitszman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Heilastarfsemin hjá ungum börnum er ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Það þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga

úr, eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólginn með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með. Einnig að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til að ná árangri. Eitt af því sem skiptir miklu máli í allri málörvun er að vinna markvisst eftir viðeigandi málþáttum. Það er mikilvægt að flokka og skilgreina málörvunarefni sem er til í leikskólanum út frá því hvaða málþætti er verið að vinna með hverju sinni. Í framhaldi er hægt að mæta betur mismunandi þörfum barna í málörvun, einnig er mikilvægt að skrá og skilgreina hvað er gert í málörvun, meta árangur og senda viðeigandi málörvunarverkefni heim með þeim börnum sem þess þurfa. Slík vinnubrögð stuðla að aukinni samvinnu á milli starfsfólks leikskóla og foreldra/forráðamanna.

Einn þáttur í snemmtækri íhlutun fyrir börn með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Undanfarið hefur áhugi fræðimanna í auknum mæli beinst í þessa átt vegna þess hve afgerandi áhrif hún hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform málþroska-frávika getur komið fram í hegðunarerfiðleikum. Börn með slaka boðskiptafærni kunna ekki að vera í hópi. Þau eiga erfitt með að lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og gera til skiptis. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hópavinnu. Í bókinni um Bínu bálreiðu (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006) er unnið markvisst með að kenna börnum að leggja grunn að góðum boðskiptum. Bína kennir börnunum að sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis og muna. Það sem er skemmtilegt við Bínu er að hún er dúkka sem höfðar bæði til drengja og stúlkna.

Málskilningur er háþróuð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til að geta gert sér í hugarlund aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar, skilja tengsl orsakar og afleiðingar, sem getur haft áhrif á að geta túlkað lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færnina við að búa til *skema* sem er mikilvægt fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006;Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til *skema* sem er eins konar innra handrit og er geymt í minni. Það sýnir tengsl hluta og alhæfða þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik, byggir upp *skema* fyrir málskilning. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010).

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Samkvæmt túlkun niðurstaðna á orðaforðagátlistanum *Orðaskil* (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998) kemur í ljós að meðaltal virks orðaforða stúlkna við 24-25 mánaða aldur er 366 orð en 268 orð hjá drengjum. Þessar niðurstöður gefa verðmætar upplýsingar sem mikilvægt er að byggja á þegar unnið er með orðaforða ungra barna. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir 1998; Rosetti, 2005). Talmeinafræðingar geta metið frávik í orðaforða hjá tveggja ára gömlum börnum (Mc.Gregor, 2006). Það skiptir sköpum að vinna markvisst með leikaðstæður og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í leik og viðhöfð í daglegum aðstæðum í leikskólanum. Allt starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram við að vera góðar málfyrirmyndir og að gera sér grein fyrir mismunandi stöðu barna hvað varðar málþroska.

Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi í gegnum leik og söng. Það er vitað að taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Í kringum sex mánaða aldur eru flest börn farin að leika og endurtaka hljóðasambönd sem eru búin til af samhljóða og sérhljóða. Í kringum eins árs aldur þróa börn hæfileikann til að segja orð sem hafa merkingu við ákveðnar aðstæður (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með málhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og yfirfæra þá þekkingu á málhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir bókstafsþekkingu og lestrarnám. Umskráning bókstafa í málhljóð byggir meðal annars á þróun hljóðkerfisins. Rannsókn Þóru Másdóttur(2008) sýndi í hvaða röð íslensk börn tileinka sér málhljóðin frá tveggja ára aldri. Fyrst koma nefhljóðin /m/ og/n/ og síðast sveifluhljóðin /r/ og /hr/. Sérhljóð voru ekki skoðuð sérstaklega í rannsókninni en vísbendingar úr henni bentu á að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin (/a/,/í/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/) og síðan tvíhljóðin (/á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/). Þessar upplýsingar gefa okkur hugmyndir um hvernig best er að haga skemmtilegri vinnu með íslensku málhljóðin, sem er skemmtilegt að gera í gengum leik og söng (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Það er mikilvægt að leika með málhljóðin frá unga aldri þar sem íslenskar rannsóknir sýna að tveggja ára börn geta myndað 67% einstakra málhljóða á réttan hátt (Hildigunnur Kristinsdóttir, 2007) og að rúmlega þriggja ára gömul börn (3-4 ára) geta myndað 88% íslenskra einstakra málhljóða rétt. Því fer fjarri að vinna eigi með beina framburðarleiðréttingu hjá svo ungum börnum, heldur er aðeins verið að benda á mikilvægi þess að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar þegar unnið er með alla málþætti. Það ætti alltaf að vinna í samráði við talmeinafræðinga þegar unnið er með framburð málhljóða.

Við gerð þessa þróunarverkefnis er leitast við að skilgreina og flokka málörvunarefni eftir viðeigandi málþáttum. Einnig eru útskýrðar skimanir/prófanir sem eru notaðar í leikskólanum til að meta málþroska og undirbúning fyrir lestur. Sérstök áhersla er lögð á að skilgreina hvaða íhlutun fer í gang eftir skimanir/prófanir með yngri og eldri börnum leikskólans. Það er ósk okkar að þróunarverkefnið verði til þess að sem flestir sem vinna með ung börn vinni eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar. Einnig er lögð áhersla á að vinna eftir gagnreyndum aðferðum á hagnýtan hátt með áherslu á íhlutun við hæfi, skráningu á því sem gert er í málörvun, flokkun á málörvunarefni, samvinnu og mati á árangri með viðeigandi gátlistum sem byggja á dæmigerðri málþróun ungra barna. Sérstök áhersla er lögð á að mæta þörfum allra barna þ.e. börnum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál, börnum með málþroskafrávik og börnum sem fylgja hefðbundinni þróun í málþroska. Allir sem starfa í leikskólanum hafa tekið þátt í að gera þetta þróunarverkefni að veruleika með því að taka virkan þátt í innleiðingunni á því. Byggt á bókinni: Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014).

Flokkun á málörvunarefni.

Bækur og spil fá fleiri en litahring þegar verið er að þjálfa meira en 1 atriði.

Framburður

Samleikur/félagsfærni Tjáskipti/samskipti Athygli/einbeiting

Málfræði = Málvitund, setningamyndun, málsskilningur

Orðaforði

Heyrnarminni/vinnsluminni

Hljóðkerfisvitund

Bækur
Orðasjóður
Hentar vel í orðaforðakennslu. Nýtist vel börnum sem hafa annað tungumál en íslensku, börnum í 1-2 bekk og börnum með seinkaðan málþroska.
Málhljóðakassinn
Hentar vel til að kenna framburð, hljóðkerfisvitund, umskráningu og orðaforða.
Stafaspjöldin Þekkja stafina, tengja myndir við hljóð.
Sól og litla sól
Eflir málþroska, sameiginlega orðnotkun og hlustun Leikið með börnum í leikskóla til að kenna og efla; Orðaforða: Orð og setningar: Setningamyndun. Hljóðfræði: Málhljóð, hljóðgreiningu, heyrnarminni Málskilning:Tjáskipti: Frásagnir, samskipti. Tjáningu: Samleik, tjáskipti, athygli. Heyrnræna úrvinnslu og bókstafi.
Orðagull
Málörvunarefni sem ætlað er að þjálfa og efla vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn. Æfir hlustun og það að vinna úr heyrnrænum fyrirmælum. Skilja og muna það sem sagt er. Auka orðaforða. Halda fyrirmælum í vinnsluminni á meðan úrvinnslu og framkvæmd stendur.

Bæta tjáningarfærni með því að kalla úr minni og endursegja. Hentar vel elstu börnunum í leikskólanum.
Lærum og leikum með hljóðin:
Hljóðlestin – framburður og hljóðkerfisvitund
R bókin – framburðarbók
S bókin – framburðarbók
Undirbúningur fyrir hljóðmyndun og tal
R og S spil
Ljáðu mér eyra
Rím – Sundurgreining setningar í orð. Sundurgreining orða í atkvæði/orðhluta. Hljóðgreining í fyrsta hljóð og síðasta hljóð. Hljóðflokkun – Orðhlutaeyðing. Sundurgreining orða í hljóð. Hljóðtenging – Stafir og hljóð.
Tölum saman
Málörvunarverkefni fyrir tvítyngd börn og börn með málþroskafrávik. Hlustun – Heyrnræn úrvinnsla Orðaforði einfaldur/flókinn Málfræði – Setningar Frásagnir – Boðskipti Hljóðkerfi Talfæri – Skráning.
Markviss málörvun
Þjálfun hljóðkerfisvitundar.
Félagshæfnisögur
Sögur um framkomu í félagslegum aðstæðum.

Leggðu við hlustir

Verkefni sem þjálfa mál og hljóðkerfisvitund.

Orðaspjall

Með bóklestri eflist orðaforði og hlustunarskilningur.
Saga er lesin og staldrað við valin orð.
Samræður um söguna og orðin.
Börnin æfa sig í orðanotkun og setningamyndun.
Segja orðin upphátt til að styrkja hljóðmynd þeirra.
Orðskýring er sett á bakhlið rennings.
Orðin eru skrifuð upp á vegg – Orðaleikir.

Lubbi finnur málbein/hljóðsmiðja Lubba

Íslensku málhljóðin sýnd og sungin. Til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum 2-7 ára.
Nýtist vel börnum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Einnig heyrnarskertum börnum og börnum með kuðungsígræðslu.

Spil

Ljáðu mér eyra

Umskráning
Umskrá tákn yfir í hljóð, hver bókstafur stendur fyrir ákveðið hljóð.
Hljóðflokkun. Átta sig á fyrsta hljóði í orði.
Flokka saman hljóð eftir sama upphafshljóði.
Hljóðtenging – Hvernig er hægt að tengja saman hljóð til að mynda orð.
Hlusta og aðgreina hljóð.

Samstæðuspil

Til að kenna orð, örva málþroska og minni.

Fun deck spilin

If then – Rökhugsun og lausnamiðun.

Using his, her & their
Notkun á fornöfnunum hans, hennar og þeirra.

How would you feel if
Koma tilfinningum í orð.

All about you, all about me
Spurningar sem hjálpa til við að kynnast, bæði sjálfum sér og öðrum.

Things that go together –
Hvaða hlutir parast/passa saman?

Yes or no –
Spurningar til að bæta færni í að svara spurningum og stuðla að rökhugsun.

When *Hvetur til að spyrja spurninga*

Mini muffin match up.
Þekkja litina, flokka og samsvara

Stafaspilið **Læra íslenska stafrófið.**

Educational spil

What's the connection? 4ára+
Þjálfar vitræna og huglæga hugsun. Finna þarf tengingar á milli hluta, sjónræn þekking á milli lita, forma og hluta. Eykur orðaforða og munnlega tjáningu, kennir húmor og það sem flestum þykir fáránlegt, eykur ímyndunarafl, sköpun og minni.

Friends we like
2ára + – Þekkja fjögur dýr í sjón og hluta af dýrinu, sjónræn þekking á milli lita, forma og hluta. Eykur orðaforða og tjáningu.

Touches
2ára+ – Styrkir skynsemi, orðaforða, minni og sjónræna þekkingu á milli lita, forma og hluta.

Who's at home?
2ára+ – Styrkir sjónræna þekkingu á milli lita, forma og hluta. Styrkir orðaforða, ímyndunarafl, sköpun, minni og kennir ýmis hugtök.

Where do I live?
Stuðlar að þekkingu og skilning á dýrum heimsins, persónulegri og félagslegri færni og hvetur börn til að vera athugul.

Gaman saman með Pétri og úlfinum
(tónlistarspil) Þekkja tónlistina við söguna, hvaða tónlist á við hvaða persónur og dýr, þekkja hvaða hljóðfæri er verið að spila á og hvernig þau líta út.

Action Reaction.
Þekkja tengingu milli hluta og geta skilið og sagt sögu.

Segðu sögu, minnis- og söguleikur
Reynir á hugmyndaflugið, eflir sköpunargleði, reynir á rökhugsun og eykur orðaforða.

Soundtracks
Hvetur til virkrar hlustunar og einbeitingar. Reynir á að þekkja mismunandi hljóð og tengja við myndir.

Old MacDonald Lotto
Tengja saman hluti, styrkir minni, hvetur börn til að vera athugul og þróa félagsleg samskipti.

Hvem spiser hvad
Tengja saman hluti og liti.

Hvem bor hvor ?

Tengja saman hver á heima hvar.

Colour
Tengja saman liti og myndir

Lotto spil
Tengja myndir. Átt þú skál? Átt þú brauðrist?

Myndaspjöld eftir flokkum
Myndir af atriðum í mismunandi flokkum. Nýtist í orðaforðakennslu ásamt því að efla framburð.

Cognition Puzzle
Þjálfar vitsmunaþroska og fínhreyfingar.

Domino spil
Þjálfar útsjónarsemi og rökhugsun.

Combion
Þjálfar vinnsluminni, orðaforða og samleik.

Panorama
Hugtakaskilningur. Lítið/mikið, framan/aftan

Pick a pec
Hugtakaskilningur, flokka eftir litum og stærð.

Colorino
Þjálfar form, liti, málfræði og samleik.

Colours
Tengja saman myndir.

Bunte ballone
Tengja saman liti við myndir.

Baby colour
Þjálfar liti og form.

Fraction Geoboard
Form og litir

Quips
Tengja liti við myndir.

Alphabet fishing game
Þjálfar samleik og að þekkja litina.

Tempo kleine schnecke (sniglaspilið)
Þjálfar samleik, félagsfærni og málfræði.

Jeeper Peepers
Þjálfar orðaforða, samleik, framburð, vinnsluminni og setningarmyndun. Barn fær mynd á „gleraugun“ sín og útskýra þarf fyrir aðilanum hvað hann hefur.

Mix Max
Para saman persónu í rétt föt og fleira.

Was will ich werden?
Para saman persónu við atvinnu.

Wesco
Þjálfar rökhugsun og málfræði.

Henne Berta
Reyna að safna eggjum í körfu, þjálfar samvinnu.

Obstgarten
Samvinnuspil, hjálpast að við að tína af trjánum og passa sig á krumma.

Gaman saman með Karnival dýranna
Þjálfar hljóðkerfisvitund.

Floccards
Þjálfar rökhugsun, einbeitingu og orðaforða.

Orðahljóð
Til að efla hljóðvitund barna á aldrinum 3-5 ára.











Leikur og nám

Námsumhverfi í Krikaskóla er skipulagt þannig að dagskipulagið rammar inn bæði skipulagðar stundir og frjálsan leik barnanna. Leik- og námsefni eru innan seilingar á hverju hreiðri. Bækur og leikefni eru aðgengileg fyrir börnin. Kennsluefni fyrir skipulagðar stundir er á hverju hreiðri miðað við aldur barnanna. Leikurinn sem er langskemmtilegasta námsleiðin, er í reynslubanka kennara og barna sem öll ættu að hafa greiðan aðgang að þeim fjársjóðum, enda alltaf opið.

Tungumálið er lykill til að skilgreina vanda, takast á við verkefni, langanir og líðan. Lykillinn í litríkri lausnaleit barnanna, til að útskýra og taka ákvarðanir. Fjölbreyttar námsleiðir eru þræddar í leik, listsköpun, máli og lestri, hreyfingu, tónlist. Börnin eru hvött til samræðna, að svara, bregðast við og að finna eigin styrkleika. Talað er við börn um þeirra persónulegu reynslu, skoðanir og hugmyndir. Með því að spyrja börnin opinna spurninga er ýtt undir málþætti eins og málfræði, málvitund og setningamyndun. Með orðaleikjum eins og setja fram grín og gátur er jafnframt verið að ýta undir gagnrýna hugsun. Í öllum leikjum barna eflist málþroski og orðaforði, því fær leikurinn rými og tíma bæði í vali og í skipulögðum stundum.

Leikið er markvisst með hljóð, rím og þulur í samveru og íslenskustundum.Umræður eru um atburði og söguþræði. Spil á hreiðrunum eru aldurssvarandi með tölum, bókstöfum og orðum sem efla orðaforða, málskilning og tjáningu. Börnin spila ýmist ein eða fleiri saman með og án kennara. Samræður við matborðið eru mikilvægar rétt eins og önnur tækifæri sem gefast til málnotkunar. Börnin hafa greiðan aðgang að efnivið í hverju hreiðri til á að teikna, skrifa, leika, gera tákn, tölur og stafi. Ritmálið er merkingabært fyrir börnin í umhverfinu og stafrófið og tölustafir er sýnilegt.

Mikilvægi þess að lesa fyrir börn

Læsismenning sem börn alast upp við á heimilum sínum er mismunandi og því afar brýnt að sinna bóklestri með öllum börnum í leikskólanum. Bækur eru lesnar fyrir börn og með þeim í smærri og stærri hópum á hverjum degi. Við lesturinn eykst orðaforði og málvitund. Ný orð bætast við hjá börnunum alla daga í málörvandi umhverfi. Það er einnig áhrifaríkt að fanga tækifærin sem gefast til málörvunar í dagsins önn. Kennarar og börn segja sögur, bæði sannar og samdar stundum saman og stundum sér. Góður bókakostur og gott aðgengi barna að bókum er í Krikaskóla. Bækur eru innan seilingar og vandaðar sögubækur fyrir öll börn. Vegna sérstöðu Krikaskóla fá eldri börnin tækifæri til að lesa fyrir þau yngri. Þegar grunnskólabörnin lesa fyrir leikskólahópana næst einstök einbeiting fram hjá báðum hópum og gæðastundir.

Mikilvægi þess að syngja með börnum

Það er bæði ánægjulegt og gagnlegt að syngja fyrir börn og með börnum. Það eykur orðaforða að syngja og gefur færi á að efla öndun og hrynjanda í málinu. Börnin læra texta og þulur auðveldlega í gegnum lögin. Það að syngja saman í hópi hefur einnig góð áhrif á samskipti þeirra og eflir tilfinningu fyrir því að tilheyra hópnum.

Málörvunarstundir

Leiðbeinandi minnisatriði frá Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi

Skipulag:

Taka mið af aldri, færni og fjölda barna við samsetningu hópsins.
Skýr markmið. Málþættir og málörvunarefni sé í takt við niðurstöður úr EFI-2 málþroska-skimun. TRAS skráningu á málþroska ungra barna og HLJÓM-2 athugun.
Byrja og enda tíma skipulega, börnin verða þá meðvitaðri um upphaf og endi.
Snjallt að nota söng í upphafi og í lokin. Merki um hvenær stundin byrjar og endar.
Minna á boðskiptareglur. Sjónrænar reglur og sýnilegar fyrir öll börn – t.d. á lyklakippu.
Brjóta stundirnar niður í sjáanlegar einingar fyrir börnin með sjónrænum vísbendingum dæmi: hlusta, spila, skoða bók, leika með hljóðin, muna.
Vera í augnhæð barnanna og hafa trú á öllum börnum.
Gæta þess að öll börnin í hópnum njóti sín.
Velja bækur og smáforrit við hæfi. Passa að lesa ekki of þungan texta.

Viðfangsefni:

Boðskiptareglur, tala fallega, sýna kurteisi, biðja um hluti á viðeigandi hátt, heilsa, kveðja og þakka fyrir, hlusta á aðra, einbeita sér, taka tillit, fyrst, svo og síðan, ljúka við verkefni.
Aðgreina bókstaf og hljóð. Vinna bæði með heiti bókstafa og hljóð.
Hljóðkerfisþættir, hlusta á börnin bera hljóðin fram og endurtaka rétt.
Hljóðgreiningu svo þau heyri mun á röngum og réttum framburði.
Klappa löng orð í framburði.
Framburðarfrávik. Sundurgreina orð í hljóð dæmi: Karfa – k-a-r-f-a. Leika með hvert hljóð.
Tala um heiti talfæra. Hvað þau heita og hvað þau gera.
Nota spegil til að skoða hvað talfærin gera við myndun málhljóða.
Spyrja opinna spurninga.
Auka orðaforða markvisst.
Tala um höfund og myndskreyti bóka, vinna með hljóðkerfisvitund í texta.
Finna löng orð, stutt orð og orð sem ríma.
Nota boðskiptaleiðina *Tákn með tali* eftir þörfum.
Tákna með atkvæðaskiptingu og leggja alltaf áherslu á tal með táknunum.
Nota persónufornöfn í samskiptum við börnin rétt eins og nöfn barnanna.
Hlusta á og fylgja útspili barnanna.
Gæta þess að öll börnin fái að njóta sín, ekki bara þau atkvæðamestu.
Hvetja börnin til að hlusta á fyrirmæli og benda á mynd af eyra. Endurtaka fyrirmælin.
Rifja upp tímann í lokin og hjálpa börnunum að rifja upp hvað þau voru að gera.
Aldurssvarandi færni í málþroska.
Útskýra vel hugtök sem er verið að vinna með í málörvunarstundum. Ekki nota smábarnalegt tal dæmi: Lúlla – sofa, voffi – hundur, bra, bra – önd, bí, bí – fugl.
Ekki svara fyrir börnin - muna að bíða eftir útspili barnsins.
Nota leik eins og týndur/ fundinn með litlu börnunum og skapa þörf fyrir boðskipti.
Taka eftir þegar börnin reyna að tjá sig þó að það séu óyrt skilaboð. Öll börn þurfa tækifæri.
Stuðla alltaf að frumkvæði með því að bíða eftir útspili barnsins.

Hvetja börn til að herma eftir.
Hlustunaræfingar: Mismunandi hljóðaleikir og hlustunarleikir. Örsögur. Nota mynd af eyra.
Hægja á tali og hjálpa börnunum að endurtaka. Sérstaklega í aðferðinni *Tákn með tali*
Staðfesta hvað börnin reyna að segja með því að endurtaka og túlka það.
Hvetja börnin til að hlusta á hvert annað og leyfa öllum að klára.
Muna eftir að gera til skiptis.
Afstöðuhugtök í leik, hreyfingu og myndum.
Klappa atkvæði. Orð í setningum.
Upphafshljóð og rím.
Stök orð, sundurgreind hljóð, dæmi: Skór – s-k-ó-r.
Útskýra hugtök eins og að einbeita sér, vera þolinmóður, hugrakkur
Hrósa meðvitað, dæmi: Mikið ertu duglegur að hlusta, passa hendur, gera til skiptis.
Vinna marvisst með yfirhugtök, smáorð og setningar.
Efla málfræðivitund. Dæmi: Eintala, fleirtala, sagnorð, lýsingarorð, stigbreytingar, fallbeygingar og afstöðuhugtök – finna málörvunarefni við hæfi.
Viðhafa viðeigandi boðskipti og félagslegar leikreglur.
Vinna með vísur og þulur.
Hafa orðmyndir í augnhæð barnanna.
Byrja snemma að leika með rím.
Leika með ritun. Leira bókstafi, spora bókstafi, herma eftir bókstöfum, skrifa orð og læra að skrifa nafnið sitt. Muna aldurssvarandi færni.
Skrá og meta árangur í málörvun.
Upplýsa foreldra um það sem verið að vinna með í málörvunarstundum.
Vera foreldrum innan handar með ráðleggingar og efnivið varðandi málörvun og lestrarnám.

Málörvun/íslenskustundir

Skólanámskrá – árganga og greinahluta. Sjá á heimasíðu www.krikaskoli.is

Íslenskustundir eru bæði skipulagðar og markvissar en mismunandi i útfærslu hvers árgangs. Unnið er í litlum og stórum hópum með markvissa málörvun, læsi og kennsluáætlunum fylgt. Litlir málörvunarhópar eru myndaðir eftir þörfum og mati á málþroska barnanna. Leikurinn er leiðin sem notuð er til að efla alla málþættina.

Sérkennslustjóri og íslenskukennari í leikskóla sinna málörvun sérstaklega í íslenskutímunum með 2-5 ára börnum, til viðbótar því sem fram fer í hverjum árgangi. Eftirfarandi dæmi eru um markvissa málörvun í þeim íslenskustundum:

Kría og Lundi 2-3ja ára börn

Áhersla er á að lesa bækur í litlum hóp, ræða bæði söguna og myndirnar og leita að hlutum á myndunum. Rætt er um atburðarás, nöfn og líðan sögupersóna. Börnin æfast að sitja kyrr og einbeita sér.

Til að efla framburð, tjáningu og orðaforða er farið í leik sem felst í því að börnin draga dýr upp úr poka. Þau sýna hvert öðru, segja hvað það heitir, jafnvel hvernig það er á litinn og hvað það segir. Þá æfist líka þolinmæði og athygli. Þau læra líka að gera til skiptis.

Markvisst er leikið er með spil, hluti og myndir til að auka orðaforðann. Börnin velja mynd og tjá sig, stundum draga þau mynd og segja frá henni. Í þeim aðstæðum æfast þau í að allra augu séu á þeim, líkt og í framsögn fyrir framan hóp. Samstöfur dýraheita og heiti á myndum eru klöppuð. Einnig nöfn barnanna og fjölskyldna þeirra. Í þessu tímum er vinsælt að nota lítinn leikhamar til að slá samstöfur orða í lófa barnanna. Farið er með þulur og romsur með þeim.

Fingrabrúður fylgja þulu um fingurna. Börnin fá öll eina brúðu sem er mismunandi persóna. Í lokin vilja þau yfirleitt skipta og fá aðrar persónur. Úrtalningarþulur eru notaðar til að velja hver á að gera næst eða draga næstu mynd. Það eru þulur eins og *Ugla sat á kvisti* og *Úllen dúllen doff.*

Söngur kryddar málörvunarstundirnar, eykur orðaforða og fjölbreytni. Lög sem beina athyglinni að barninu verða oft fyrir valinu í þessum stundum. „Hvar er, hvar er elskulega Ísabella ... undir teppinu að fela sig“. „D datt í kolakassann.“

Fjallafinka 3ja-4ra ára börn

Bækur eru lesnar fyrir börnin, efnið rætt og spurt: Af hverju? Hvað gerðist? Hvers vegna? til að fá börnin til að hugsa skipulega um innihaldið og tjá sig. Þá eflist hlustun, athygli, einbeiting, þolinmæði og tjáning barnanna fær meira vægi. Samtöl og frásagnir verða til um eigin reynslu út frá bókunum. Börnin skiptast á að segja frá, hlusta og taka tillit til annarra.



Leikið er með spil sem æfa rím, minni, tjáningu og auka orðaforða. Farið er með úrtölurunur til að finna hver er næstur, dæmi: Ugla sat á kvisti og Úllen dúllen. Í sönglögum er lögð áhersla á að æfa börnin í að finna fyrsta hljóð í orði dæmi: „Ég fór í dýragarð í gær og gettu hvað ég sá“ ... ffff fílinn þar ég sá. Dýrin eru falin í poka, þar til barn hefur giskað á heiti dýrs sem byrjar á ffff.

Flest börnin kunna að klappa samstöfur, svo þau fá að spreyta sig á enn flóknari og lengri orðum. Hlustun og talning samstafa æfist þegar börnin hlusta á hversu oft er bankað í borðið fyrir hverja samstöfu orða.

Afstöðuhugstök eru æfð í bókalestri, með skemmtilegum smáhlutum og oft með því að börnin sjálf fylgja fyrirmælum sem innihalda afstöðuhugtök. Þau setjast ofan á stólinn, leggjast undir hann, fela sig á bak við hann og standa við hliðina á honum.

Minni og tjáningu er hægt að æfa með því að fara í búðarleik, börnin þurfa þá að muna vörur á innkaupalista og segja hvað þau ætla að kaupa, dæmi: „Ég vil kaupa bát, köku og fánastöng.“ Börnin skiptast á að afgreiða í búðinni og afhenda þær vörur sem um er beðið.

Málörvunarefnið: *Lærum og leikum með hljóðin*, spil og bók hentar sem samstæðuspil fyrir börn með framburðarvanda. Þau þurfa að æfa sig í að bera fram íslensk málhljóð á réttan hátt. Efnið má nýta á fjölbreyttan hátt. Í smáforriti sem fylgir, æfa börnin sig í framburði, styrkja hljóðkerfi og orðaforða. Börnin æfa sig, styrkjast í framburði, hljóðkerfi og auka orðaforða.

Söngur eykur fjölbreytni og gleði. Sönglög með hreyfingum höfða til barna: Kalli litli kónguló og Gulur, rauður, grænn ... Spenna og hætta þykir börnum skemmtileg. Fimm litlir apar sátu upp í tré og svo kom krókódíll. Í hringleikjum fléttast saman hreyfing og leikur, dæmi: Fyrst á réttunni, Ein ég sit og sauma og Í rigningu ég syng.

Ugla

Lestur bóka við öll tækifæri og í mismunandi umhverfi eykur á fjölbreytta upplifun barnanna. Saga um fugla öðlast nýja vídd við vera lesin undir berum himni. Gátur fá einnig sinn sess í kennslunni, dæmi: Hvaða dýr er það sem hefur 4 fætur og er loðið? (Hundur) Börnin eru líka beðin um að nefna fleiri loðin dýr með 4 fætur.

Spil eins og söguspilið eflir málskilning og setningamyndun þegar börnin raða upp myndum úr sögunni í atburðarás og segja frá því sem er að gerast á myndunum. Farið er í leiki. Valin eru spil sem efla orðaforða. Spil sem æfa hugtök eins og heiti á fötum, farartækjum og mat.

Í spilastundum eru notaðar spurningar eins og Hver á skyr? Það barn sem á mynd af því sem beðið er um þarf að svara með setningu eins og Ég á skyr. Hver á smjör? (Ég á smjör). Einnig er hægt að vinna á sama hátt með heiti líkamshluta í Bingó. Hver á olnboga? Hver á ökkla? Á sama hátt er hægt að styrkja málfræðivitund eins og að vinna með eintölu og fleirtölu í gegnum spil.

Í þessum tímum er líka unnið með smáforritið *Orðagull* til að auka orðaforða, efla minni og æfa börnin í fara eftir fyrirmælum. Það er líka unnið með verkefnabókina *Orðagull* þar sem hægt er að prenta vinsæl verkefni úr *Orðagulli*. Í bæði bókinni og smáforritinu eru verkefni sem vinna með heyrnræna úrvinnslu og vinnsluminni. Börnin eru beðin um gera strik undir strákinn sem er leiður á svipinn. Unnið er með lýsandi orð dæmi: Sjáðu fallega, loðna hundinn.

Spói

Mörg verkefni sem börnin unnu með á Uglu og Fjallafinku eru áfram notuð á Spóa en megin áhersla er á að efla hljóðkerfisvitund barnanna. Börnin á Spóa fara öll í HLJÓM-2 próf og eru niðurstöður prófsins notaðar til að ákvarða þá þætti sem vinna þarf með í framhaldinu. Með 2-4 börn saman í hóp hverju sinni. Hér eru einungis örfá dæmi um það sem unnið er með.

Nefnihraði er þjálfaður með aðstoð mynda. Hvert barn fær bunka af myndum sem það flettir og nefnir. Einnig er unnið með að styrkja hljóðkerfisvitund eins og rím, bullurím, rímspil og rímbingó.

Orðhlutaeyðing æfð með kubbum sem orðhlutar hafa verið límdir á börnin þurfa síðan að setja orðhlutana saman til að búa til samsett orð. Einnig eru gerðar munnlegar æfingar til að styrkja alla þætti hljóðkerfisvitundar. Hljóðgreining er æfð með spilum og myndum dæmi: „heyrist sss í orðinu sund.“

Vinna með rím, hljóðgreiningu, hljóðtengingu, margræð orð og samstöfur. Slá og klappa samstöfur og flokka eftir fjölda atkvæða. Körfur með númerum sem börnin flokka myndirnar í eftir fjölda atkvæða sem passa við númerin á körfunum.

Hugmyndabankar

123skóli : https://123skoli.is/
Skólavefurinn: https://nytt.skolavefurinn.is/
Menntamálastofnun: https://mms.is/sites/mms.is/files/hljom-2_-_nidurstodur_hopavinnu.pdf
Menntamálastofnun: https://klb.mms.is/klb/malhljodakassinn

Hlutverk sérkennslustjóra varðandi snemmtæka íhlutun – stuðningur

Sérkennslustjóri kemur að undirbúningi og framkvæmd íslenskukennslu í samstarfi við deildarstjóra þegar þess er óskað. Hann sinnir auk þess málörvun hjá þeim börnum sem þurfa á því að halda. Þar er ýmist um einstaklingsþjálfun eða þjálfun í litlum hópum að ræða.

Sérkennslustjóri tekur meðal annars þátt í að leggja fyrir EFI-2, Hljóm-2 og vinna úr niðurstöðum TRAS skráningarlistans þegar listinn er notaður. Hann sér um ráðgjöf til deildarstjóra, kennara og foreldra og er tengiliður við stoðþjónustu.

Athuganir/skimanir/prófanir í leikskóla og íhlutun

Þrjú próf/listar eru lögð fyrir eða fyllt út fyrir öll börn á leikskólum Mosfellsbæjar í þeim tilgangi að fylgjast með almennum þroska þeirra. Þetta eru:

- **Hljóm-2** prófið sem er lagt fyrir öll börn um haustið, árið sem þau verða 5 ára.
- **TRAS** listinn fylltur út af leikskólakennara á sex mánaða fresti frá því að barnið 2ja-5 ára.

Niðurstöður eru kynntar fyrir foreldrum á formlegum fundum.

- **EFI-2** málþroskaskimun fyrir börn á fjórða aldursári.

Efi-2 er málþroskaskimun sem skimar fyrir málskilningi og máltjáningu barna á fjórða aldursári. Notagildi skimunarinnar felst fyrst og fremst í því að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að veita þeim markvissa aðstoð. Niðurstaðan gefur grófa mynd af málþroska barnanna og í framhaldinu er þeim sem þess þurfa vísað til viðeigandi sérfræðinga, talmeinafræðinga og/eða háls-nef og eyrnalækna.



Hljóm-2 er aldursbundið próf í leikjaformi sem kannar færni barna á sjötta aldursári tengda hljóðkerfis- og málmeðvitund. Hljóm-2 getur gefið vísbendingu um þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarörðugleika síðar meir. Markmiðið er að finna þau sem fyrst. Unnið er út frá niðurstöðunum með börnum sem eru með slaka og mjög slaka færni. Þau fá markvissa málörvun þar sem áhersla er á að efla þá þætti sem komu slakir út.

TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er fylltur út á 6 mánaða fresti fyrir þau börn sem fá slaka niðurstöðu á EFI-2 skimuninni og þau börn sem sýna slakar framfarir í málþroska.

Orðaskil byggir meðal annars á orðaforðagátlista sem foreldrar fylla út. Gátlistinn er fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 3ja ára og er ætlað að meta orðaforða þeirra ásamt því hvort þau hafi náð tökum á beygingarkerfi og setningargerð. Niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður annarra íslenskra barna og fara eftir aldri og kyni barnanna. Þær gefa til kynna hvort orðaforði barnanna sé aldurssvarandi.

Íslenski þroskalistinn. Listanum er ætlað að meta þroska barna á aldrinum 3ja-6 ára. Hann er staðlaður og fylltur út af mæðrum barnanna. Þroskalistinn byggir á spurningum um mál- og hreyfifærni. Niðurstöðurnar gefa til kynna hvar barnið er statt þegar kemur að mál- og hreyfiþroska þess í samanburði við jafnaldra.

Smábarnalistinn. Nýtist til að meta þroska barna á aldrinum 15 mánaða - 3ja ára. Listinn sem er staðlaður er fylltur út af mæðrum og byggist upp á spurningum um mál- og hreyfifærni. Niðurstöðurnar gefa til kynna hvar barnið er statt þegar kemur að mál- og hreyfiþroska þess í samanburði við jafnaldra.

Verkferlar – gátlistar – ferilmöppur

Þegar niðurstöður matstækja liggja fyrir, tekur við áætlanagerð út frá niðurstöðunum. Börnum á fjórða aldursári sem fá niðurstöðuna „slök“ eða „mjög slök geta“ á EFI-2 er ýmist vísað til talmeinafræðings eða í heyrnarmælingu eftir því sem við á. Þá er markvisst farið að vinna enn frekar með þá þætti sem þörf er á samkvæmt niðurstöðum skimunarinnar. Sérkennslustjóri eða leikskólakennari sem sinnir íslenskukennslu sérstaklega sinna því og nýta einnig TRAS listann til að fylgjast með framförum í málþroska hjá þessum börnum.

Þau börn sem fá niðurstöðuna „slök færni“ eða „mjög slök færni“ á Hljóm-2 fá markvissa málörvun í auknum mæli og fyrirlögnin er endurtekin að ákveðnum tíma liðnum.

Ef áhyggjur eru af framburði og/eða málþroska barna geta deildarstjórar og foreldrar óskað eftir í samstarfi við sérkennslustjóra að tilvísun sé send til skólaþjónustu Mosfellsbæjar um aðkomu talmeinafræðings.

Ferilmöppur eru stofnaðar fyrir hvert barn þegar það byrjar í Krikaskóla. Strax frá 2ja ára aldri er byrjað að safna sýnishornum af teikningum viðtölum og verkefnum. Á hverju ári bætist í ferilmöppuna sem börnin taka með sér heim þegar þau útskrifast úr skólanum eftir 4. bekk.

Íslenska – Árgangar

Kría/Lundi 2-3ja ára börn

Markmið í íslensku: Að aðlögunin takist vel, bæði í upphafi og milli deilda.
Að barnið

- sé öruggt og líði vel í sínu skólaumhverfi.
- verði fært um að lesa í umhverfi sitt; taki tillit, gangi frá, gangi vel um, hugi að félögum, gefi með sér og skiptist á.
- verði læst á dagskipulagið/daglegar athafnir.
- eflist í máltöku.
- verði læst á samskipti í daglegu skólastarfi.
- efli félagsleg tengsl og að umhverfi sé námshvetjandi.

Þegar börnin mæta í aðlögun að hausti fer í hönd tímabil þar sem athyglinni er fyrst og fremst beint að líðan barnsins og viðbrögðum þess við nýju umhverfi. Það að takast á við nýjar aðstæður og setja traust sitt á ókunnugt fólk er mikil áskorun. Ætla má að það tímabil taki um það bil mánuð. Umhyggja og nám eru samofin í leikskólastarfinu og leikskólakennarinn er mikilvæg persóna fyrir barnið sem stuðningsaðili frekar en stjórnandi. Barnið lærir af samskiptum sínum við aðra og hinn fullorðni styður barnið innan hópsins.

Í samverustund þarf að taka tillit til hve lengi er hægt að ætlast til að börnin sitji kyrr og haldi athygli en þeim vex þó fljótt ásmegin. Framan af er oftast auðvelt að hafa allan hópinn saman í samverustund. En eftir því sem líður á önnina, þegar þau fara að veita sessunaut sínum meiri áhuga og athyglin truflast, er skipt upp í smærri hópa. Þá er tekið tillit til aldurs og þroska. Munað getur hátt í tólf mánuðum á aldri barnanna og er það töluvert aldurs- og þroskabil.

Fyrstu skrefin snúast um að njóta þess að vera í hópi jafnaldra og tilheyra. Mikilvægt er að vel takist til þar sem þessi skref eru jafnframt fyrstu kynni foreldra og barns af skólagöngunni. Barn leitar eftir tengslum við umhverfið og viðurkenningar frá fullorðnum. Smám saman þróast gagnkvæm tengsl á milli barnsins og hins fullorðna sem auðveldar samskiptin og gerir öllum kleift að ráðast saman í stærri verkefni.

Kennsluáætlun

Eftir aðlögun, þegar börnin eru orðin örugg hefst markviss íslenskukennsla í samverustundum. Börnin eru fljót að þekkja skipulag dagsins og koma sér fyrir í hreiðri um leið og það er nefnt. Valin eru nokkur lög: Lögin okkar, sem eru sungin í samveru flesta daga. Segja má að þessi lög fylgi börnunum yfir veturinn, að viðbættum lögum sem tengjast árstíð og líkamsvitund.

Sem dæmi um árstíðarbundið lag má nefna að þegar vetur gengur í garð bætist við: Frost er úti fuglinn minn, þá er lagið teiknað og leiklesið og fuglunum gefið korn á útisvæði.

Dæmi um líkamsvitund er Lagið um líkamann, en það er rímlag um líkamshluta. Einnig lagið um fingurna og svo er dansað og mismunandi líkamspartar hreyfðir í laginu: Hreyfa litla fingur.

Það sem haft er til hliðsjónar við lagavalið, fyrir utan að lögin séu grípandi og henti börnum á þessu aldursskeiði, er að í þeim komi fyrir þættir eins og litir, tölur, líkamsvitund, vinátta og hreyfing. Notaðar eru bæði myndir og leikmunir um orð og persónur í laginu, hvort sem um ræðir dýr eða manneskjur og lagið er leikið, leiklesið og sungið.

Lögin okkar eru: Gulur rauður, Krummi krunkar úti, Kalli litli könguló, Kalli kálormur, Fimm litlir apar, Dúkkan hennar Dóru, Bátasmiðurinn, Í leikskóla er gaman, Hvar er Anna? og fleiri.

Hreyfilögin eru: Hreyfa litla fingur, Við erum söngvasveinar, Höfuð herðar hné og tær, Fyrst á réttunni, Hoppa hoppa og stoppa og fleiri. Þulur eru; Fingraþulan og Úen dúen dín.

Áherslan er á endurtekninguna, því eru sömu lögin sungin dag eftir dag og nokkrum sinnum á dag. Strax er byrjað á því að klappa samstöfur við nöfnin þeirra og valin orð úr söngtextunum.

Viðfangsefni og námsþættir

Frjáls leikur	Samverustundir	Hópastarf. Spil, lestur, könnunarleikur	Hollow – kubbar
Athafnir daglegs lífs	Söngur og dans	Útivera og vettvangsferðir	Íþróttir –Hreyfing

Viðfangsefni úr námsskrá 2-3 ára barna í Krikaskóla

Gulur rauður grænn og blár.
Þegar lagið er sungið eru litatáknin höfð í sjónmáli og Tákn með tali notað með.

Leikið með litina.
Börnin draga sér lit og koma honum fyrir á pönnuköku eða hring í sama lit eða öðru því formi sem hugmyndaflugið leyfir.

Kalli litli kálormur
Kalli er í brúðulíki og mynd af Gulla bónda og grænmetinu hans sem Kalli ásælist. Einnig eru aukamyndir til að breyta augna- og munnsvip Gulla þegar hann sér að Kalli hefur borðað grænmetið hans. Þá er talað um tilfinningar og börnin setja sig í spor hins svanga Kalla og bóndans Gulla.

Kalli litli könguló

Hann klifrar upp á vegginn til þess að sjá öll börnin en svo kemur rigning og Kalli dettur niður. Þá kemur sólin og þerrar hans kropp og Kalli klifrar aftur upp topp.

Fimm litlir apar

Þeir sitja upp í tré og stríða krókódílnum sem er auðvitað ekki sáttur við það og lætur til sín taka. Þarna eru allskyns munngeiflur og tilheyrandi handasnúningur í gangi á meðan lagið er sungið. Einnig er leikið með fjölda apanna og þeir hafðir færri eða allt eftir því hvar áherslan liggur í það skiptið.

Tölur

Tölur frá einum upp í fimm eru notaðar með ýmsum verkefnum sem dæmi Apalaginu og er þá hægt að nota fjölda að vild og einnig taka af eftir því sem þeir týna tölunni í krókódílaslagnum.

Gullbrá og birnirnir þrír

Sígilt ævintýri um fjölskyldu og forvitna stúlku sem er svöng og þreytt. Einnig gleði og sorgir bangsafjölskyldunnar sem þrátt fyrir allt óskar þess að stúlkan heimsæki þau aftur. Hér er hægt að setja sig í spor beggja aðila og leika sér með orð athafnir og tilfinningar á marga vegu.

Stubbur

Hann er fimm ára snáði sem verður fyrir hálfgerðu einelti af hendi eldri bræðra sinna og snýst sagan um samband þeirra og ófarir bræðranna vegna framkomu sinnar. Sagan hefur þá verið send heim með börnunum í sögupoka. Þar hafa þau getað myndlesið hana fyrir fjölskyldu sína og foreldrar einnig lesið fyrir börnin og þá með jafnvel öðrum áherslum á orð og innihald bókarinnar.

Krummi krunkar úti

Hann kallar á nafna sinn og býður honum að borða með sér. Þarna er sönn vinátta á ferð og fuglinn flýgur um og leitar eftir mat. Einnig er með Krumma eins og flest annað að hægt er að leika sér með liti , samstöfur og tilfinningar. Lagið „Við erum vinir“ hentar vel með krummunum.

Yndislestur er fyrir alla.

Tveggja ára börn lesa bækur með miklu myndmáli. Bókunum er snúið að börnunum eða notuð tækni til að varpa myndum úr bókunum upp á vegg. Börnin komast þá nær persónum og atburðum í sögunni. Velja þarf bók við hæfi. Yngstu börnin fá að leika sér með því að segja hljóð sem dýrin gefa frá sér í bókinni. Þau læra að fylgjast með atburðarás, finna liti, lögun, persónur og athafnir í bókinni.



Litla svanga Lirfan

Hún át sig í gegnum eitt epli, tvær perur, þrjár plómur, fjögur ... og varð að fallegu fiðrildi. Falleg saga um undur náttúrunnar. Notast er við lítið lirfulíki sem skríður í gegnum götin á myndunum í bókinni.

Jólalög

Þá er gott að vera tilbúin þegar líður að jólum og klæða jólalögin í myndrænan búning svo auðveldara sé fyrir börnin að átta sig á innihaldi textanna. Með myndrænum stuðningi er auðveldar að leggja þá á minnið.

Börnin kunna vel að meta aðferðirnar í íslenskustundunum og eru ávallt spennt og tilbúin til þátttöku. Endurtekningin virðist ekki valda þeim leiða en kennarinn leggur sig auðvitað fram um að gera viðfangsefnin spennandi og færa í nýjan og spennandi búning í hvert skipti með orðum sínum og athöfnum. Það hefur sýnt sig að endurtekningin skilar miklum árangri og er mikilvæg í framvindunni. Börnin eflast dag frá degi með því að taka þátt í íslenskustundunum.

Fjallafinka 3-4 ára börn

Markmið í íslensku: Að aðlögunin takist vel, bæði í upphafi og milli deilda.
Að barnið

- sé öruggt og líði vel í sínu skólaumhverfi.
- verði fært um að lesa í umhverfi sitt; taki tillit, gangi frá, gangi vel um, hugi að félögum, gefi með sér og skiptist á.
- verði læst á dagskipulagið/daglegar athafnir.
- eflist í máltöku.
- verði læst á samskipti í daglegu skólastarfi.
- efli félagsleg tengsl og að umhverfi sé námshvetjandi.

Óformleg íslenskukennsla fer fram alla daga í samskiptum og hversdaglegu amstri. Í þremur samverustundum yfir daginn er hún öllu formlegri, þá er sungið lesið og leikið. Örsögur eru samdar og sagðar ásamt því að farið er með þulur og vísur. Leikurinn er skemmtilegasta námsleiðin bæði í leikjum barnanna og í kennarastýrðum stundum. Í skipulögðum íslensku-stundum er unnið enn markvissar í að efla færni barnanna í tungumálinu. Þá eru sex börn í hverjum hóp einu sinni í viku. Unnið er með vandað málörvunarefni eins og *Bínu bálreiðu*, *Leikum og lærum með hljóðin* og *Lubbi finnur málbein*.

Bína bálreiða
Undirstöðuþættir fyrir boðskipti með *Bínu bálreiðu* eru:
Hlustun.
Áhugi, gera til skiptis, fyrst ég svo þú.
Bíða, sitja kyrr.
Horfa, veita athygli, sameina athygli.
Kalla úr minni, muna.
Herma eftir byrjandi hljóðmyndun.
Skapa þörf fyrir boðskipti.

Lærum og leikum með hljóðin
Unnið er með stafainnlögn og hljóðmyndun í leik, börnin leira og skrifa stafinn sinn, spila Stafabingó með myndum.
Í hlustunarleikjum er leikið með klapp, rím, orð tekin í sundur og sett saman.

Spil
Unnið er með að börnin læri að skiptast á, halda einbeitingu, setja orð á það sem á sér stað bæði fram og aftur í tíma. Spilin eru flokkuð eftir litaflokkun snemmtækrar íhlutunar. Það þýðir að búið sé að flokka þau eftir því hvaða málþætti þau styrkja. Allflest spil reyna á marga málþætti rétt eins og önnur viðfangsefni /leikefni en þegar markvisst er verið að æfa ákveðna málþætti eru spilin valin með það í huga.

Mynda- og hljóðbingó

Unnið er með að þjálfa hlustun og skammtímaminni. Kennarinn hvetur börnin til að nota orðin og lýsa því sem er á spjaldinu. Börnin eru hvött til að nota setningar ekki bara stök orð. Spurt og svarað í heilum setningum ekki einsatkvæðisorðum

Ritun

Börnin leika með alla stafina yfir skólaárið og byrja á að læra sinn staf. Þau þekkja hann og móta með ýmsum hætti. Þegar þriggja ára börn hafa náð blýantsgripi sem telst gott viðmið fyrir mun eldri börn er ástæðan oft sú að þau hafa haft ánægju af að teikna, pára og skrifa. Þá gildir að hafa gott aðgengi að skriffærum svo þau njóti þess að fara í gegnum það ferli sem þróun gripsins er.

Fylgja fyrirmælum

Unnið er með það að efla umskráningu, heyrnarminni, blýantsgrip, einbeitingu, lestarátt, og tölur. Sett eru orð á athafnir og allir vanda sig í framburði.



Þegar unnið er jöfnum höndum með fyrir fram ákveðin verkefni og frjálst flæði í ritun eflist margt. Að fylgja fyrirmælum eflir minni, hugtakaskilning og krefst útfærslu sem ætti umfram allt að vera ánægjuleg fyrir hvert barn.

Lestur bóka

Æfa að draga ályktanir um það sem gerist næst í sögum. Stoppa í sögunni, spyrja um persónur, atburðarrás og fá börnin til að draga ályktanir um það sem gæti gerst næst. Hvað þýða orðin?

Frá því að börnin mæta á morgnana þar til þau fara heim, er tungumálið stöðugt notað. Orð eru sett á athafnir, langanir og líðan. Málörvun á sér stað í íslensku, stærðfræði, útikennslu og samveru. Einföld tákn með tali eru notuð í söng og daglegum athöfnum. Umræður eru um vináttu og hvernig við tölum saman. Unnið er með liti, form, líkamsheiti og ótal aðra þætti í leikjum og spilum. Börnin þjálfast í mörgu með því segja nafnið sitt, standa upp fyrir framan hóp, syngja saman. Lesið er fyrir börnin í litlum hópum, að minnsta kosti tvisvar á dag. Þá er spjallað um lesefnið, unnið með orð og skilninginn á því sem gerðist í sögunni.

Á Fjallafinku er leitast við að njóta útiveru og vettvangsferða eins og kostur er. Námstækifærin eru á hverju strái og eru nýtt í raunverulegum aðstæðum. Orð og upplifanir fara saman. Fátt er dýrmætara en eigin reynsla og rannsóknarvinna.🔴🔵🟡🟢

Afstöðuhugtök má læra í ferðum, eins og fyrir framan og aftan, á undan og á eftir, fara upp og niður brekkur. Halda þarf hópinn en leyfa einstaklingunum að njóta sín. Málvitundin eykst í samskiptum. Orðaforðinn eykst þegar orð eru sett á allt það sem fyrir augu ber. Svo eru til mismunandi ber bæði bláber og krækiber. Það má flokka þau, telja þau og smakka. Rannsaka og lýsa áferð mosa. Milliliðalaus þekking er að finna, upplifa og skynja á eigin forsendum. Náttúran sjálf er kennslubókin hér og kennarinn nýtir námstækifærin.

Skuggamyndir sólarinnar eru áhrifaríkar þegar barnið er miðjan sem allt hverfist um. Það að staldra við, njóta skuggamyndanna, setja orð á upplifanir eru dýrmæt námstækifæri. Þau eru nýtt vel á Fjallafinku en ekki látin líða hjá. Hugmyndir um orð sem hægt er að vinna með í þessum aðstæðum eru til dæmis langur, stuttur, einn, fleiri, eins, jafnhliða. 🔴🟡🟢🔵

Þegar börn vinna að listsköpun sinni eru þau sjálf að útfæra hugmyndir sínar. Þau skipuleggja verkefnið, jafnvel mörgum sinnum í ferlinu. Það eru þau sem ráða útkomunni. Þá gildir að spyrja þau hvetjandi og opinna spurninga. Börnin styrkjast í að setja orð á hugsanir sínar, tilfinningar og reynslu. Frásagnir verða á þeirra forsendum og málvitundin eykst í samskiptum.

Litir og form í leik, þar sem mynstur og endurtekningin er eitt birtingaformið. Hvort sem er í leik eða kennarastýrðum stundum er leikurinn námsleiðin. Það verður til þekking og reynsla þegar orð og athöfn fara saman. Hér eru það litir og form. Að glæða áhuga barna til að fást við verkefni af ýmsum toga er lykilatriði í námi. Það gildir einu hvað við verðum gömul. Hlutverk kennara er að gæta þess að viðhalda áhuga barnanna en gefa jafnframt færi á nægilegum áskorunum sem skilja eftir löngunina til að læra meira.

Það þarf að koma sér saman um hlutverk, leikefni og oftar en ekki atburðarrás. Leikurinn hjá flestum Fjallafinkubörnunum þróast úr því að vera samhliða leikur þar sem börnin léku meira ein eða sama leikinn hlið við hlið í það að vera samleikur þeirra á milli. Þá hefur mikið vægi að nota tungumálið til að skiptast á boðum, taka við og gefa upplýsingar. Í hlutverkaleiknum fá börnin tækifæri til að leika reynsluheim sinn rétt eins og eigin ævintýraheim.

Ugla 4-5 ára börn.

Íslenskumarkmið.

Talað mál, málrækt.

Að barnið

- vinni með efnivið sem hvetur til málnotkunar.
- sé hvatt til að koma upplifun sinni í leik í frásögn.
- taki þátt í umræðum út frá opnum spurningum.
- taki þátt í samræðum og skoðanaskiptum.
- fái tækifæri til að ræða við fullorðna og börn við hinar daglegu athafnir í leik og starfi.
- orði setningu eða sögu út frá myndum og atburðum úr lífi sínu.
- hlusti á fjölbreyttan texta sem innihaldi litríkt mál og góðan orðaforða.
- hlusti á sögur og ljóð og styrki tilfinningu fyrir hljómfalli og formi texta.
- vinni með sögugerð út frá daglegum leik og starfi.
- ræði , útskýri, spyrji og svari spurningum, út frá texta sem lesinn er fyrir það.
- hlusti á upplestur á sögum, ljóðum, þulum o.fl. bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt á hljóð- eða myndbandi. Útskýri, spyrji og svari spurningum út frá texta.
- vinni með rím, vísur og þulur.
- vinni með andstæð hugtök í daglegu starfi.
- efli skilning sinn á ýmsum afstöðuhugtökum.
- syngi fjölbreytta söngva og taka þátt í fjöldasöng.

Hlustun

Að barnið

- fái tækifæri til að hlusta á tónlist og búa til tónverk.
- hlusti á, fylgist með og greini margbreytileg hljóð í umhverfi sínu.
- þjálfist í að hlusta á önnur börn segja frá.

Bókmenntir

Að barnið

- hafi greiðan aðgang að bókum til að skoða og ræða um.
- hlusti á og taki þátt í umræðum um mismunandi texta, ævintýri, sögur og fræðibækur.

Lestur og tækni

Að barnið

- vinni að verkefnum sem eflir hljóðkerfisvitund.
- skoði og vinni með ýmis tákn/merki í daglegu umhverfi sínu og öðlist skilning á merkingu þeirra.
- hafi aðgang að bókstöfum og tölustöfum til að leika sér með.
- ræði um heiti og hljóð bókstafa í leik og starfi.
- kynnist því að það sem við segjum má skrifa og það sem við skrifum er hægt að lesa.
- átti sig á lesátt þegar lesið er fyrir þau.

Ritun

Að barnið

- þjálfi fínhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum.
- fái tækifæri til að segja frá verkum sínum og teikningum og sjái talmál verða að ritmáli.
- hafi tækifæri til að gera tilraunir til að skrifa.
- skoði ritmál í umhverfi sínu.
- átti sig á að bókastafir hafi heiti og hljóð.

Starfsemin á Uglu snýst um að veita börnum öryggi og áskoranir í sínu daglega skólaumhverfi. Jákvæð samskipti við leikfélaga og kennara er góður grunnur að vellíðan þeirra og velgengni. Uppeldisstefnan „Jákvæður agi“ inniheldur margskonar verkfæri til að ná sem mestum árangri í að kenna börnum sjálfstjórn, jákvætt og lausnamiðað viðhorf. Myndrænt umhverfi er eitt af þessum verkfærum sem er hvetjandi fyrir börn, bæði myndir og orð.

Morgunfundir barna og kennara eru í hreiðri alla daga vikunnar. Kennari heilsar hverju barni með nafni, rætt er um hverjir eru mættir, hvað margir og hvern vantar. Þannig hefst dagurinn. Dagskipulagið er fjölbreytt og grunnþættir menntunar fléttast inn á ýmsan hátt. Myndrænt skipulag fyrir hvern dag er þess vegna sýnilegt á töflu og er stundartafla fyrir börnin.

Börnin sinna til skiptis mismunandi hlutverkum á hverjum degi. Hlutverkin eru meðal annars að vera dagameistari, valstjóri og veðurstjóri. Börnin æfast í framsögn og tjá sig fyrir framan barnahópinn. Þá reynir á hlustun einbeitingu og orðaskilning hjá öllum börnunum.





Hlutverk dagameistara er að skrifa dagsetningu á töflu, skrifa nöfn barnanna sem eru með hlutverkin þennan dag og fara yfir daginn fyrir framan barnahópinn.





Valstjóri finnur efnivið fyrir leikstund sem kallast val. Hann býður hverju og einu barni til leiks með nafnspjöldum sem eru notuð daglega. Við þessa útfærslu æfa börnin sig í að lesa nöfnin, byrja með fyrsta staf og síðan allt nafnið í heild.

Hlutverk veðurfræðings sem les í veðrið er að útskýra fyrir hópnum hvernig veður er þann daginn og hvernig á að klæða sig fyrir útiveru. Hér bætast við ný orð um veður og veðurfar í orðaforðann daglega.

Samverustundir

Sameiginlegar stundir í hreiðri eru notaðar á margvíslegan hátt. Börnin velja sér bækur til að skoða sér til fróðleiks og skemmtunar og er grunnur að yndislestri. Þau fletta, lesa, skoða og ræða um áhugaverðar bækur með vinum sínum og búa til nýjar sögur út frá myndum. Oft eru vísindabækur í boði sem skapa miklar umræður meðal barna og geta vakið áhuga um ákveðið efni sem við skoðum svo nánar í þemavinnu. Þegar börnin taka fyrstu skref í lestri fá þau léttar lestrarbækur lánaðar heim með sér í samráði við foreldra. Samvera í hreiðri er líka nýtt til að æfa sönglög og þulur. Þá leggur kennarinn inn ný lög og fer yfir texta, staldrar við, fer yfir erfið orð og útskýrir. Í þessum stundum taka börnin þátt, velja umræðuefni og tjá sig. Farið er í leiki sem efla íslenskuna eins og rímleiki, minnisleiki, orðaleiki, klappa samstöfur og stafaleiki.

Lestrarstundir

Lestur fyrir börn er í hávegum hafður á Uglu. Gott aðgengi er að bókum, fastar lestrarstundir eru fyrir minni hópa þrisvar í viku og taka allt að hálftíma. Lestur bóka felur í sér mikla og góða málörvun fyrir börnin. Rætt er um efni bókarinnar, höfund og myndskreyti. Farið er yfir söguþráðinn með börnum. Kennari velur oftast lesefnið en börnin fá einnig að koma með bækur að heiman.

Íslenskustundir

Skipulagðar stundir í íslensku og þemavinnu eru fastar stundir í hverri viku og taka allt að 45 mínútur. Börnin vinna þá í litlum hópum með kennara. Tvenns konar fyrirkomulag er á þessum vinnustundum. Í styttri verkefnum er skipt í nokkrar stöðvar og hóparnir skiptast á að fara á milli í „Hringekju“. Í lengri verkefnum vinnur hver hópur með sama kennara alla stundina. Kennarar byrja með innlögn og útskýringu á markmiðum verkefnisins. Stuðst er við sjónrænar vísbendingar úr málörvunarefninu Orðagulli. Í lok þessara stunda er farið yfir hvernig gekk og ef börnin ná ekki að klára er þeim gefinn kostur að vinna það síðar þegar þeim hentar.

Markvissar vinnustundir í íslensku eru einnig unnar úti. Þar verður til blanda af hreyfingu og einbeitingu sem hjálpar við að halda áhuga barnanna við verkefnin.

Kennsluáætlun í íslensku

Áherslur á nöfn barnanna. Allir vinna með stafinn sinn. Búa til stafakarla, leira staf, spora og skrifa.







Hlustun og endursögn er æfð með örsögum eins og „Halli hundur“.

Verkefni um Uglur. Börnin teikna sína Uglu, gera Uglufjölskyldu. Þau gefa þeim nöfn og merkja.

Börnin raða sögum í atburðarás.

Verkefnin úr Markvissri málörvun eru til að efla virka hlustun, fara eftir munnlegum fyrirmælum í stórum og litlum hóp.

Tökum upp þráðinn frá Fjallafinku. „Lærum og leikum með hljóðin“, námsefni sem börnin hafa unnið.



Áfram unnið með örsögur.



Verkefni sem tengjast Bangsadeginum

Börnin byrja að vinna verkefni úr Orðagulli.

Barnasáttmálinn er viðfangsefni og unnið þannig með hann að efninu er skipt niður í kafla sem hentar aldri barnanna. Kaflarnir eru: Nafn og ríkisfang, Fjölskylda og umönnun, Heimili, Hollur matur og Hreint vatn.

Sjálfmynd barna: Þeirra skírteini með nafni.



Heimili. Börnin teikna fjölskyldu sína og heimili.

Dagur íslenskrar tungu er haldin hátíðlegur í Krikaskóla. Þá er sameiginlegt þema allra árganga.



Aravísur sem þema og unnið með þær á margvíslegan hátt.

Jónas Hallgrímsson og ljóðin hans.

Unnið með verkefnið „Buxur, vesti, brók og skó.“

Samstæðuspil.

Raða orðum í ljóði á réttan stað.

Jólaíslenska. Jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum.

Jólasveinar og nöfnin þeirra eru hengd upp á veggi. Verkefnin eru sýnileg til að skapa læsishvetjandi umhverfi.

Tvær jólasveinavísur eru lesnar á dag.

Hvert barn velur sér jólasvein, teiknar hann og merkir.





Börnin æfa sig í að setja saman orð og taka í sundur. Til dæmis jóla – sveinn, -kerti, -kúla.

Spilastundir tengjast einnig jólasveinum, eins og samstæðuspil bæði með myndum og orðum.

Ritað mál er æft og gert afar merkingabært með því að skrifa inn í jólakort til foreldra og kærleikskveðju til annarra árganga í skólanum.

Gamli tíminn.

Börnin handfjatla raunverulega hluti frá gamla tímanum eins og ask, kamba, strokk, rokk.

Burstabær er skoðaður í bókum og tölvu og allt það sem tilheyrir honum. Börnin gera sinn burstabæ, klippa og líma hluti sem þau vilja hafa í bænum sínum.





Börnin velja sér einn hlut til að teikna og æfa sig að skrifa heiti hans. Gömul heiti svo sem koffort, baðstofa og kistill eru á miðum sem börnin æfa sig í að skrifa upp eftir eigin vali.

Þorrinn

Syngjum lög, eflum orðskilning úr textunum. Haldið er sameiginlegt þorrablót í skólanum þar sem raunveruleg reynsla fæst af því að borða þorramat. Skrifuð upp heiti og teiknaðar myndir.

Börnin teikna matinn og merkja. Vinnum með miðana áfram – skoða, lesa með aðstoð kennara, teikna og skrifa eftir.

Ástarsaga úr fjöllunum er lesin í litlum hópum í íslenskutímum. Farið yfir atburðarásina í sögunni, unnið með gömul íslensk orð. Í framhaldinu er unnið með tröllaþema.



Börnin velja sér Flumbru, tröllakarl eða helli til að vinna með – teikna, lita, merkja.



Hvert barn teiknar sitt tröllabarn og gefur því nafn, sem er eins og í sögunni, samsett orð sem endar á FRÍÐUR. Eins og Snæfríður eða Díafríður.

Unnið áfram með orð sem hægt er að setja saman – börnin finna orð sem byrja á TRÖLLA/TRÖLL. Merkja.



Dagur leikskólans er alltaf skemmtilegur í Krikaskóla. Heimsóknir eru á milli leik- og grunnskóla. Börnin spila saman, leika og syngja saman í hreiðrum. Unnið með vinsæl íslensku verkefni eins og Stafasúpu.





Vinnum með Bínu bók *eftir Ásthildi Bj. Snorradóttir. „Bína lærir orð, hljóð og stafi.“ Bókin er lesin, börn teikna sína Bínu, eins og þau upplifa hana og skrifa nafnið hennar á myndina.*

Börnin æfa sig að sömu verkefnum og Bína til að efla einbeitingu, æfa ritmál og skráningu með myndum og stöfum. Þeirra skráning er heft saman í lítinn bækling.



Finna orð sem ríma í sögunni. Teikna og koma með hugmyndir að nýjum orðum sem ríma og skrá á blað með teikningum.



Hlusta á ákveðin orð úr sögunni, greina fyrsta hljóð í því og skrá á blað.



Hlusta og finna samsett orð í sögunni, skrá þau á blað.



Vinna með orðið BÍNA og finna orð sem byrja á B, Í, N og A og teikna á blað.







Stafirnir B, Í, N, A eru vel sýnilegir uppi á vegg. Börnin eru að leita að orðum á meðan þau eru í leik og spjalli og koma með hugmyndir til kennara. Kennari skráir hugmyndir á miða og börnin líma miðana hjá viðkomandi staf.

Barnamenningarhátíð í Kjarna. Verkefnið „Krummi svaf í klettagjá“. Upplýsingaöflun fór fram með því að leita að krummamyndum og -sögum og fylgst með krummahreiðri á netinu.



Börnin skapa sinn eigin krumma og semja um hann sögu.

Krummar líta yfir byggð og bú.

Kennari færir sögur þeirra í letur





Unnið með textann „Krummi svaf í klettagjá“. Löng orð, stutt orð, rím og æfing á ritmáli.

Krummastafasúpa



Félagsskordýr.

Leitað er að upplýsingum um humlur, í samnefndri bók um Humlur, í vísindabókum, á Youtube og á myndum sem eru teknar í umhverfinu. Börnin teikna sína humlu og semja um hana sögu.

Börnin æfa vorlögin. Unnin verkefni fyrir sumarhátíð. Viðtöl við börn.

Bókasafnsferðir

Farið er á Bókasafn Mosfellsbæjar í litlum hópum. Góð samvinna er á milli Krikaskóla og bókasafns bæjarins. Börnin fá leiðsögn um safnið og sögustund með starfsmanni þess.

Einnig fá þau frjálsan tíma til að skoða bækur og fá lánaðar í skólann til að lesa. Markmiðið er að vekja áhuga barna á bókum og hvetja til lesturs.

Útinám og -kennsla

Útinám er einu sinni í viku fyrir helming barnahópsins í senn með útikennara. Einu sinni í maí eru dagsferðir með allan hópinn. Markmiðið er að efla vellíðan, skapandi hugsun, styrkja ímyndunaraflið, rannsaka nánasta umhverfi, læra umferðareglur. Börnunum er gefinn tími og rými fyrir frjálsar tilraunir með opinn efnivið. Ímyndunarafl barna kemur sterkt inn þegar góður leikur myndast í öruggu umhverfi þar sem hlúð er að vinskap þeirra á milli. Skapandi spjall þeirra færist stundum í sögugerð og þá er sagan skrifuð í tölvu og börnin teikna myndir við söguna ef þau vilja.

Barnafundir

Við upphaf skólaárs eru barnafundir í hreiðri einu sinni í viku. Börnin skiptast á að tjá sig og hlusta á hvert og annað. Byrjað er á léttum umræðum og því sem þau geta verið þakklát fyrir, rætt um tilfinningar og skoðanir annarra. Þegar líður á er áherslan á að búa til sameiginlegar reglur um samskipti, framkomu og umgengni á deildinni. Börnin koma með hugmyndir að því hvernig umhverfi þau vilja hafa. Þeim gengur betur með að fylgja reglum sem þau ákveða í sameiningu á fundum. Með tímanum æfast börnin í að leysa sín ágreiningsmál sjálf.

Þau búa til lausnahjól með hugmyndum sem koma fram á barnafundum. Þetta er sjónrænt verkfæri, sem börnin nota þegar þau rekast á vandamálin í samskiptum í leik.

Afmæli

Að geta tjáð sig í hóp er mikil áskorun fyrir alla. Kennarinn skapar jákvæðar umræður til að bæta sjálfsöryggi og auka orðaforða. Þegar börnin eiga afmæli er haldin afmælisveisla sem snýst um að veita afmælisbarninu jákvæða og uppbyggjandi athygli og fá börn og kennara til að taka þátt í því.



Sungin er afmælissöngur og farinn hróshringur, þar sem börnin skiptast á að hrósa afmælisbarninu með fallegum orðum. Allt sem kemur fram fer á veggspjald sem kennari skrifar á og barnið tekur með sér heim.

Þetta veitir frábært tækifæri að sameina hópinn við jákvæðar umræður, bæta orðaforða þeirra, kenna þeim litríkar aðferðir að hrósa og skapa umhverfi sem þeim líður vel í.

Íslenska í leiknum

Íslenska birtist hvarvetna í leik barnanna. Oftast eru hugmyndir þeirra kveikja á áhugaverðum verkefnum sem smita út frá sér og eftir verður dýrmæt reynsla.

Öll börn lita frjálst í litabókina sína. Hérna sést áhugi þeirra á stöfum og orðum.

Hugmynd af skráningu á leiksvæði sem börnin útfærðu sjálf.



Dagskipulagið er fjölbreytt og grunnþættir menntunar fléttast inn á ýmsan hátt. Daglega reynir á flesta þættina og stöðugt bætist í þekkingar og reynsluheim barnanna.

Íslenska 5-6 ára

Íslenskumarkmið

Talað mál, málrækt. Að börnin:

- vinni með efnivið sem hvetur til málnotkunar
- fái tækifæri til að segja frá viðburðum og væntingum og koma hugmyndum sínum í orð
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- rannsaki og skoði umhverfi sitt með það að markmiði að efla orðaforða og málskilning
- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- fái að taka þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði
- syngi algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum eða foreldrum
- endursegi og búi til sögur í samvinnu við önnur börn
- hlusti á fjölbreyttan texta sem innihaldi litríkt mál og góðan orðaforða
- fái færi á að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt og taki þátt í samræðum og skoðanaskiptum.

Hlustun. Að börnin:

- hlusti á upplestur á sögum, ljóðum, þulum. Bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, á hljóð- eða myndbandi. Útskýri, spyrji og svari, út frá texta sem lesinn er
- taki þátt í umræðum barna og fullorðinna
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- hlusti og horfi á leikþætti og söngatriði á sviði eða af myndbandi.

Ritun. Að börnin:

- þjálfi fínhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum
- geri tilraunir með ritun og fái tækifari til að skrifa á þann hátt sem hann er fær um
- skrifi sjálf eða með aðstoð setningar, orð eða bókstafi við eigin myndir
- fái aðstoð til að skrá frásagnir og atburði úr eigin lífi.

Bókmenntir. Að börnin:

- hafi greiðan aðgang og nýti sér fjölbreytt val bóka, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þau hafa hlustað á
- fái tækifæri til að skoða bækur sér til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur og tækni. Að börnin:

- kynnist rími og hrynjandi, setningum, bókstöfum, orðum og hljóðum bókstafa
- kynnist því að það sem sagt er má skrifa og það sem skrifað er má lesa
- skoði og vinni með tákn/merki í daglegu umhverfi og öðlist skilning á merkingu þeirra
- hafi aðgang að bókstöfum og tölustöfum til að leika með og nota á hlutbundinn hátt
- ræði um heiti og hljóð bókstafa í leik og starfi
- átti sig á lesátt þegar lesið er fyrir það
- skoði og ræði um einstök orð og hugtök í texta sem lesinn er.

Íslenskukennsla fer fram með fjölbreyttum kennsluaðferðum eins og í Leikskólalæsi. Stefnt er að því að börnin nái góðum árangri í læsiþáttum frá byrjun. Með málnotkun og lestri þjálfast hlustun. Hljóðvitund, skrift, orðaforði, uppbygging setninga, málfræði og markviss málörvun eru tengd inn í ferlið. Börnin fást við efni sem hvetur til málnotkunar, læra bókstafina, kynnast rími og hrynjanda. Segja frá viðburðum og væntingum og koma hugmyndum sínum í orð. Börnin þjálfast í að tjá sig frammi fyrir félögum, segja frá reynslu, endursegja ljóð og sögur.

Margt er gert til að efla virka hlustun bæði með fyrirmælum í spilum og leikjum, einnig í samtölum og sögulestri. Þegar börnin draga til stafs þjálfast fínhreyfingar þeirra og þau vinna með skriftaráttina. Þau fá hvatningu til að skrásetja eigin frásagnir með því að teikna og skrifa um atburði úr eigin lífi. Ýmist skrifa þau orð sjálf eða eftir forskrift fullorðinna.

Bóklestur. Börnin skoða bækur sér til fróðleiks og skemmtunar, þannig er lagður grunnur að yndislestri. Þau eru hvött til að segja frá og ræða um þær bækur sem þau skoða. Daglega er lesið fyrir börnin, í ávaxtastund, íslenskutímum eða í samveru.

Alla daga er sungið í hreiðri og lagt er upp með texta sem gefa tækifæri á að vinna með orðskilning og orðaforða. Vikulega taka börnin þátt í sameiginlegri söngstund skólans. Þau setja upp leikætti og leika á sínum forsendum stutta leikþætti úr eigin smiðju eða sögum og ævintýrum.

Íslenskustundir

Viðfangsefni sem notuð eru í íslenskustundum eru flokkuð eftir þeim málþáttum sem lögð er áhersla á hverju sinni.



Skógur
2
FÍR
FLJÓT
SKÓKKA
SANDUR
FRÆ
ORMUR

stafrófið

VÉL
VÉL


FORSETI

Dæmi um vikuáætlun. Sagan: Ég vil fisk

Lesið á bókarkápuna, bókaheiti og nafn höfundar svo er spáð fyrir um hvað sagan er. Bókin er lesin í heild sinni. Börnin sjá myndirnar og eru hvött til að taka þátt í umræðum á hverri opnu.

Umræðuspurningar:

1. Opna: Hvað haldið þið að Unnur vilji?
2. Vita foreldrar alltaf hvað börn vilja? Hvernig geta þau vitað það? Hvert ætli þau fari?
3. Hvað segir Unnur? Hvað segir mamma – en hvað gerir hún?
4. Er Unnur ánægð með gjöfina frá mömmu?
5. Hvað hélt Unnur að hún fengi í matinn?
6. Hvernig talar Unnur núna? Er munur á að vera ákveðinn og byrstur?
7. Hvað gerir Unnur núna? Af hverju hegðar hún sér svona? Hvað þýðir fiskidella?
8. Hver er munurinn á að hrópa og góla? Hvað vill Unnur?
9. Hvernig fær Unnur mömmu til skilja hvað hún meinar? Getur hún sagt það skýrar?
10. Fékk Unnur fiskinn sem hana langaði í? Er hún ánægð?
11. Hvernig talar Unnur núna? Er betra fyrir hana að tala svona hátt?
12. Hvernig er hún á svipinn þegar hún fær fiskinn í búrinu?
13. Hvað breyttist? Hvað segir Unnur? Af hverju eru foreldrarnir hissa?
14. Hvaðan kemur fiskurinn í búðina? Þekkið þið einhverjar fiskitegundir?
15. Er fiskur hollur matur? Hvernig líður Unni?

Upprifjun á söguþræði og umræður eftir óskum barnanna.

Dæmi um stöðvarvinnu í íslensku.

- Spjaldtölva og smáforritin: Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og Eldgrímur
- Ritun, kasta tening og skrifa orð (blöð og blýantar)
- Rímbingó
- Íslenskuspil
- Sögugerð
- Stafasúpa. Börnin lita yfir Uu og Rr í stafasúpu.
- Hljóðgreining. Velja myndir úr myndasúpu sem hafa u eða r hljóð í sér.
- Börnin fá svampstafi og raða stöfum í orð. Hafa til hliðsjónar stök orð eða orðalista úr sögunni sem þegar er búið að lesa og ræða. Skrá í verkefnabók.
- Börnin skoða bókina.

Rætt við börnin um hvaða fiska þau þekkja. Skrá niður og hengja upp, bæta við ef fleiri fiskar bætast við. Börnin skoða myndir/veggspjöld og bækur af fiskum.Vinna með fyrsta og síðasta hljóð í orði. Draga spjöld með myndum af hlutum og finna hver fyrsti bókstafurinn í orðinu er? Hvaða hljóð á hann? Getum við skrifað orðið? Getum við búið til setningar úr orðunum?

Stafaveiðar. Áhöld: bókstafir og pönnukökur til að setja stafinn á, spjald með mynd. Börnin raða sér á línu með stafahrúgu í hæfilegri fjarlægð. Hvaða ferðamáta á að nota til að ná í stafi? Hoppa á öðrum fæti, skríða eða köngulóaganga? Finna stafinn sinn, líka staf vinar eða stafinn sem orðið á spjaldinu byrjar á, halda á spjaldi með mynd. Þennan staf! segja hljóðið eða halda á spjaldi með mynd af stað. Vinna með alla stafina í nafninu sínu. Vinna með nefnihraða.

Upprifjun og endursögn úr bókinni „Ég vil fisk“ og vinna samkvæmt áætlun. Rím-pörum saman. Áhöld: Rímspjöld,keilur/pönnukökur. Skipta rímspjöldunum í tvennt svo hóparnir „rími“ saman „hús“ í einum og „mús“ í hinum. Keilum/pönnukökum er dreift um svæðið og spjöld sett undir þær. Börnin koma í röð, draga spjald og nota ferðamátann sem þau fá fyrirmæli um að nota og leita að spjaldi sem rímar. Börnin taka spjaldið og eru komin með „slag“ og draga nýtt spjald, leiknum er lokið þegar búið er að finna öll spjöldin.

Sérfræðingur um fiska í heimsókn með nokkrar fisktegundir. Allir skoða og rannsaka saman. Fiskar endurskapaðir og fangaðir í fiskinet.

Stærðfræði

Þrisvar í viku er stærðfræði í stöðvavinnu. Viðfangsefnin eru eru þrautir, talning, talnaskrift, mælingar,spil, kubbar og þrautir. Þá reynir á hugtaka-, talna- og aðgerðaskilning. Í þrautavinnu er lesin upp þraut fyrir börnin og farið yfir hvaða aðgerð á við. Á að sameina eða taka í burtu? Eða skipta niður? Samvinna barnanna, orðræða þeirra og orðaval við útskýringar á lausnaleiðum þeirra er mikilvæg til skilnings. Börnin útskýra sínar lausnaleiðir í lokin, fyrir hvert öðru og læra þá að virða ólíkar lausnaleiðir.



Dæmi: Kennarinn á 15 fiska. Hann setur fiskana í 5 fiskabúr með jafnmörgum fiskum í hverju búri. Hvað eru margir fiskar í hverju fiskabúri?



Barnafundir



Í lýðræðislegum kennsluháttum eru barnafundir vettvangur til að eiga samtal. Þar reynir á tjáskipti og samskipti, orðaforða, athygli, einbeitingu og virðingu.

Þar æfa börnin sig í að hrósa öðrum, finna lausnir á vanda eða því sem þarf að breyta.

Þau tjá sig um líðan og ræða margvíslegar tilfinningar, læra að hlusta á hvert annað, virða ólíkar skoðanir og eflast í félagslegum samskiptum.

Útikennsla

Útikennsla er einu sinni í viku. Oft tengist viðfangsefni útikennslu því þema sem verið er að vinna hverju sinni. Í vinnu með fiskaþema er farið í fiskbúðina til að sjá ólíkar tegundir fiska. Farið er í ýmsar ferðir yfir skólaárið. Þar má nefna Árbæjarsafn, Þjóðminjasafn, farið í skoðunarferðir í nærumhverfinu þar sem börnin upplifa fjöllin, fellin, plöntur, veður, vinda og árstíðir. Mikil málörvun á sér stað í útikennslu og er ríkulega stuðlað að auknum orðaforða barnanna, reynslu og vellíðan.

Smiðjur

Börnin taka þátt í smiðjum með 1. bekk tvisvar í viku. Viðfangsefni í smiðjunum eru list- og verkgreinar. Mikil sköpun á sér stað í myndlist, smíði og textíl. Læsi eflist í upplýsingatækni. Í heimilisfræði er unnið með heilbrigði og velferð. Í einingakubbum birtast fleiri námsþættir. Einnig má sjá lýðræði, mannréttindi og sjálfbærni birtast í smiðjum þar sem börnin fást við verkefnaval og úrlausnir.





Samverustundir

Samverustundir í hreiðrum eru vettvangur til samskipta og samveru þar sem hið talaða mál er helsta verkfærið. Þá reynir oftar en ekki á hlustun, einbeitingu, orðskilning og orðaforða þegar upplýsingum er safnað og þeim miðlað á margan hátt.

Í morgunsamveru skiptast börnin á að sinna því hlutverki að fara yfir myndrænt dagskipulag fyrir daginn og tilgreina hlutverkaskiptingu barnanna þann daginn. Ýmsum skilaboðum er komið á framfæri.

Í samveru fyrir máltíðir er unnið með margskonar texta í söng, þulum, rími, sögum og frásögnum. Mikið er farið í leiki þar sem reynir á alla málþætti. Spurningaleiki, gátur, þrautir, einbeitingaleiki, athygli- og kímnileiki.

Einnig er markvisst leikið með hljóðgreiningu, hljóðkerfisvitund og ýmsa málþætti í samveru. Tekið er mið af niðurstöðum úr *Hljóm-2*. Auk þessa stunda fá börn sem eru með slaka útkomu markvissa þjálfun í þeim þáttum sem þarf að styrkja.

Val og leikur

Börnin velja úr því sem er í boði þann daginn. Þau velja sér viðfangsefni og leiksvæði sjálf af því sem er í boði hverju sinni. Ritmálið er afar merkingabært fyrir þau þegar valið fer fram, því þá nota þau bæði nöfnin sín og viðfangsefnin í ritmáli. Valið er tiltekin umgjörð um leikinn í dagskipulaginu. Þess er gætt að hafa í ávallt boði einhvern efnivið sem hvetur til málnotkunar.

Í margskonar leikjum eflast börnin í gagnrýninni og skapandi hugsun, þau framkvæma og prófa sig áfram út frá reynslu sinni. Hlutverk kennarans er að styðja við börnin, spyrja opinna

spurninga þannig að þau vakni til umhugsunar og ígrundunar. Með opnum spurningum er börnunum gefinn möguleiki á að finna sjálf svar við spurningum með eigin rannsóknarvinnu. Ef upp koma vandamál fá þau ráðrúm og tíma til að finna lausn á vandanum. Gjarnan með verkfærum úr lausnahjólum sem þau hafa gert sér sjálf eins og tilheyrir í jákvæðum aga.

Leikhús – tónleikar

Þjóðleikhúsið býður elsta árgangi leikskólans á leiksýningu og Sinfóníuhljómsveit Íslands býður þeim á tónleika. Á Spóa er unnið frekar með verkin sem eru flutt á þessum sýningum svo börnin fái notið þeirra enn frekar og læri eitthvað nýtt.

Umferðar- og eldvarnafræðsla

Árlega koma umferðaskólinn og slökkvilið með fræðslu til barnanna. Þá bætist í orðaforðann.

Sundnámskeið

Börnin fara á sundnámskeið í sumarbyrjun ár hvert. Þau fara gangandi til og frá námskeiði sem er í Varmárlaug. Miklar umræður og vangaveltur skapast um það sem fyrir augu ber á göngunni. Margt þarf að skoða ræða og rannsaka. Reynsluheimurinn stækkar þá töluvert.



Skráning – mat á árangri

Íslenskufundir kennara allra árganga skólans frá 2ja til 9 ára eru mánaðarlega eða eftir þörfum. Það eflir samtal og samfellu milli skólastiga. Þá er horft í báðar áttir. Niðurstöður úr *Hljóm-2* eru dæmi um það sem tekið er fyrir á slíkum fundum. Unnið er út frá niðurstöðum úr *Hljóm-2* þannig að allir eflist bæði þeir sem eru slakir og sterkir. Námsfærni eins og stafaþekking og lesfimi er skoðuð sérstaklega út frá því hvernig staða barnanna er. Að sama skapi fá leikskólakennarar upplýsingar um gengi barna í fjórða bekk. Það gefur vísbendingar um þá þætti sem má sinna enn frekar á meðan börnin eru á leikskólastiginu. Dæmi um þetta eru þegar efla þurfti sögugerð og áherslu á að læra bæði stóran og lítinn staf eftir að leikskóakennarar fengu upplýsingar um stöðu barnanna í fjórða bekk.

Mismunandi aðferðir: Tákn með tali, TEEACH, atferlismótun, PECS

Táknmál heyrnleysingja hefur enn sem komið er ekki verið notað í skólanum. *Tákn með tali* er notað í litlum mæli, aðallega með söngtextum hjá yngstu börnunum. Börn með raskanir eiga sínar einstaklingsnámskrár sem fylgt er. Ákvörðun um þær aðferðir eru teknar í samráði við foreldra, sérkennslustjóra og aðra sérfæðinga.

Tvítyngi/fjöltyngi

Algengur orðaforði tvítyngdra barna sem fæðast á Íslandi og þeirra sem koma til Íslands innan við tveggja ára aldur skiptist á milli tungumálanna. Börnin læra önnur orð heima en í leikskóla. Heimaorðaforði þeirra byggist á athöfnum og hlutum á heimilinu og orð eins og brauðrist og baðsloppur sem þau læra á sínu móðurmáli. Í leikskóla tilheyrir orðaforði tvítyngdra barna leikskólaumhverfinu, því þekkja þau og nota orð eins og hópastarf eða söngstund þar. Stærð beggja orðasafna er í samræmi við tímann sem þau verja í hvoru umhverfi og hversu innihaldsrík samskipti þau fá í hvoru máli. Ef barn sem á báða foreldra af erlendum uppruna notar íslensku á leikskóla og annað mál heima getur það verið slakt í báðum tungumálum.

Slakur orðaforði getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lesskilning og námsframvindu barna. Rannsóknir sýna að börn með íslensku sem annað mál bæta hægt við íslenskan orðaforða sinn frá ári til árs. Einnig að börn með mikinn orðaforða bæta hraðar við fleiri orðum en börn með minni orðaforða. Þau geta dregist aftur úr því þau bæta færri orðum og hægar við orðaforða sinn. Til að ná færni í báðum tungumálum þurfa þessi börn verulegan stuðning. Þau þurfa að læra samheiti algengra orða með einfalda merkingu. Einnig að alast upp með lestri bóka, söng og að eiga samræður á báðum tungumálum. Fái þau kennslu í orðum með einfalda merkingu eiga þau auðveldara með að læra flóknari orð í framhaldinu. Í samskiptum við sína nánustu fá börnin tækifæri til að auka orðaforðann. Innihaldsrík samskipti, sérstaklega með fólki sem notar fjölbreytilegan orðaforða, eflir orðaforða barna.

Það er mikilvægt að kennari/foreldri noti orð með einfaldri merkingu til að lýsa og útskýra merkingu flóknari orða. Þetta þýðir að einföld orð hjálpa til við að túlka, skilja og læra orð sem eru flóknari, til dæmis orð úr bókum.

Ung börn þurfa góðan stuðning í íslensku annars er hætta á að þau þrói orðaforða sinn hægt. Það gæti haft slæmar afleiðingar bæði í samskiptum og varðandi lesskilning. Börn með lítinn orðaforða hafa slakan lesskilning og eiga erfiðara með að átta sig á merkingu óþekktra orða og að stækka orðasafnið sitt. Þau eiga erfiðara með að lesa þegar þau skilja lítið af því sem stendur í texta.

Börn með ríkulegan orðaforða eiga auðveldara með að læra að lesa og hafa betri skilning á lesnum texta. Börn með lítinn orðaforða eiga í erfiðleikum með að ná tökum á lestri og síðar námi. Munurinn eykst á hverju ári í skóla og börn með mikinn orðaforða læra hraðar ný orð.

Börn með móðurmál sem líkist íslensku eru oft betur sett. Í einföldum ritkerfum er samsvörun á milli hljóðs og stafs, þá er sami stafurinn í ólíkum orðum oftast borinn fram eins. Flókið ritkerfi skapar óreglulegt samband á milli hljóðs og stafs því sami stafurinn getur verið borinn fram á mismunandi hátt í ýmsum orðum. Það er auðveldara þegar ritkerfi beggja tungumála eru lík hvort öðru. Íslenska og taílenska eru tungumál sem byggjast á ólíkum ritkerfum. Það er algengt að taílenskum börnum gangi verr að lesa á íslensku en börnum til dæmis með pólsku sem móðurmál, þar sem ritkerfi tungumálsins er ekki flókið. Því er gott ráð fyrir foreldra og kennara að vita að það sé vænlegast fyrir barnið að byrja að lesa tungumálið sem er einfaldara að lesa. Börn af erlendum uppruna eiga að vera með öðrum börnum, læra með þeim og gera þarf sömu kröfur og væntingar. Því er afar brýnt að efla orðaforða þeirra.

Tvítyngd og fjöltyngd börn í Krikaskóla hafa með örfáum undantekningum verið sterk bæði í sínu móðurmáli og í íslensku og því lítið þurft á sérúrræðum að halda. Þau sem þurfa sérúrræði hvort heldur sem er vegna tvítyngis eða málþroskaraskana fá markvissa málörvun/ aukna kennslu samkvæmt þeirra einstaklingsnámskrá.

Móttökuáætlun Krikaskóla

Móttökuáætlun er ætlað að fanga þá þætti sem eru upplýsandi og leiðandi fyrir foreldra barna sem hefja nám við skólann, börnin sjálf og kennara. Tekið er mið af því að börnin eigi sögu um skólagöngu í öðrum skólum eða séu að byrja í Krikaskóla á leikskólaaldri. Það er hlutverk starfsfólks skólans að bjóða börn og foreldra velkomin í skólasamfélagið, skapa traust og leggja grunn að góðu stamstarfi frá byrjun. Þegar barn hefur fengið skólavist skiptast skólastjóri og foreldrar á upplýsingum. Ef ástæða er til, er boðað til viðtals með aðkomu sérkennslustjóra eða túlks eftir því sem við á.

Börn og foreldrar fá upplýsingar frá skóla um:		**Börn og foreldrar gefa skóla upplýsingar um:**	
Umsjónakennara barnsins – deildastjóra		Bakgrunn sem taka þarf tillit til	
Skólastarfið og 200 daga skólaár		Er barnið með :	
Náms- og kennsluhætti. Hreiður og smiðjur		-fatlanir eða þroskaraskanir?	
Frístund, íþróttafjör og rútuferðir		-þörf fyrir sérkennslu?	
Íbúagátt, mötuneyti, gjöld		-íslensku sem annað mál?	
Hjúkrunarfræðing og aðra stoðþjónustu		-sögu um búsetu erlendis?	
Boðleiðir upplýsingaflæði		-sérstöðu í námslegum þáttum?	
Kynningarfundur að hausti		**Öryggisatriði á sérstöku eyðublaði**	
Ritari skólans – Námfús			
www.krikaskoli.is – www. mos.is			
Foreldrafélag			
Skóladagatal – skólanámskrá			
Reglur, venjur, þjónustu			

Foreldrar og barn fá leiðsögn um skólann, hitta ritara, sjá hreiður barnsins, matsal, smiðjur, frístund og útileiksvæði. Umsjónarkennari/deildastjóri tekur mið af upplýsingum sem fylgja barninu og gerir áætlanir í samræmi við það. Sér um að upplýsa annað starfsfólk um það sem máli skiptir við skólabyrjun barnsins og sýnir barninu sérstaka umhyggju og hlýju.

Íslenska sem annað mál barns

Umsjónarkennari/deildastjóri upplýsir barnahópinn um fyrirhugaða komu barnsins og segir frá nafni, uppruna, menningu og móðurmáli þess. Sýnir barninu virðingu, áhuga og umhyggju og leggur sig fram um að barnið aðlagist vel í barnahópnum og skólasamfélaginu. Upplýsir aðra foreldra einnig. Leitað er upplýsinga með barnahópnum, hjá barninu sjálft og eða fjölskyldu þess til að kynna land sitt, tungumál og þjóð eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.

Sérkennsluþörf og fatlanir barns

Sérkennslustjóri innir eftir skýrslum frá foreldrum, sérfræðingum og fyrri skóla/leikskóla barnsins. Sér til þess að sérgreinakennarar og viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi upplýsingar. Umsjónarkennari/deildastjóri og sérkennslustjóri stofna teymi með foreldrum og stuðningsfólki. Teymið fundar reglubundið yfir skólaárið.

Foreldrasamstarf og eftirfylgni

Umsjónakennari/deildastjóri boðar til foreldraviðtals ef þurfa þykir. Allir foreldrar eru boðaðir til foreldraviðtals tvisvar á ári og túlkur fenginn, þegar við á. Þá gefst kostur á að spyrja og fá útskýringar varðandi skólastarfið, barnið og námsframvindu þess. Foreldraviðtöl eru oftar sé þess óskað. Upplýsingar, fréttabréf og tilkynningar til foreldra eru sendar á íslensku en séð til þess að þær fari á tungumáli sem að minnsta kosti annað foreldri skilur.

Samstarf leik- og grunnskóla

Krikaskóli er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn frá 2-10 ára. Samfella í námi barnanna er eitt af því sem lagt er upp með í náms- og kennsluháttum. Gildir það um íslensku og læsi.

Lokaorð:

Lagt er upp með faglegt og metnaðarfullt starf með öllum árgöngum í Krikaskóla. Hvetjandi kennarar og starfsfólk styðja börnin í að auka færni sína í öllum grunnþáttum menntunar, sem fléttast hver um annan og verða vart aðskildir. Þannig er það með málþroskann, tungumálið og læsið sem eru samtvinnuð og samofin öllum þáttum alla daga. Það eru í senn verkfæri barnanna og lyklar að farsælli þátttöku í daglegu lífi og menntun um ókomna tíð. Þess vegna ber að sinna þeirri lyklasmíð sérstaklega og það þarf að gerast snemma þegar heilinn er að mótast og í örum vexti.

Viðaukar

Skólanámskrá http://www.krikaskoli.is/namskrar/skolanamskrar/

Læsisstefna

Gátlistar:

Beiðni til skólaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs

Tal, gátlisti fyrir leikskóla

Tal, gátlisti fyrir heimili

Heimildaskrá

Prófi/skimanir: EFI-2. HLJÓM-2. Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil

Bækur: Bína bálreiða. Bína lærir orð, hljóð og stafi o.fl.

Íslenskt málörvunarefni: Íslensku málhljóðakassinn. Lærum og leikum með hljóðin. Orðagull, Tölum saman- málörvunarkerfi. Markviss málörvun.

Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá grunnskóla

Beiðni til skólaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs

TRÚNAÐARMÁL

Móttekið dags.:	Sérfræðingur:	Tengiliður skóla:

Málið varðar

☐ Einstakan nemanda / barn ☐ Deild / bekk / hóp ☐ Starfsmann skóla ☐ Aðra, hvern / hverja?:		
Leikskóli / grunnskóli:		
Ef einstaklingsmál - nafn:	Kennitala:	Deild/bekkur:
Ef deild / bekkur / hópur - hvaða?		
Deildarstjóri leikskóla / umsjónarkennari		

Beiðni frá:

☐ Skóla	☐ Forráðamanni / heimili	☐ Skóla og heimili	☐ Öðrum _____

Óskað er eftir þjónustu

☐ Sálfræðings Fylgiskjöl: ☐ Gátlisti fyrir heimili ☐ Gátlisti fyrir kennara	☐ Kennsluráðgjafa Fylgiskjöl: ☐ Gátlisti fyrir kennsluráðgjöf fyllt út af kennara	☐ Talmeinafræðings Fylgiskjöl: ☐ Gátlisti fyrir heimili ☐ Gátlisti fyrir skóla (sérkennara, kennara, deildarstjóra)	☐ Annar

Ástæða beiðni og hvers er óskað af skólaþjónustu

Gefið <u>ítarlega</u> lýsingu á erfiðleikum / vanda

Samþykki forráðamanna að leitað sé til skólaþjónustu:

Með undirskrift sinni samþykkja forráðamenn að aflað sé nauðsynlegra gagna um barnið vegna vinnslu máls. Unnið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Undirskrift forráðamanns	Netfang:	Sími:
Undirskrift forráðamanns	Netfang:	Sími
Undirskrift tilvísanda	Netfang:	Sími:

TAL - Gátlisti fyrir leikskóla.pdf

Tal - Gátlisti fyrir heimili - leikskólabarn